# FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSING

99. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR






*Aðeins í dag 1. maí 2019. Gildir ekki ofan á önnur tilboð eða af vörum frá Skovby. Ekki af sérpöntunum og aðeins á meðan birgðir endast.

**Reykjavík** Bíldshöfði 20
**Akureyri** Dalsbraut 1

HÚSGAGNA HÖLLIN



EXTRA TILBOÐ
35%
AFSLÁTTUR

## RIA
Nettir og einstaklega þægilegir 2ja og 3ja sæta sófar. Bleikt (Dusty Rose) sléttflauel eða slitsterkt áklæði í gráu eða dökkgráu.

2ja sæta: 152 × 83 × 79 cm
**51.994 kr.** ~~79.990 kr.~~

3ja sæta: 192 × 83 × 79 cm
**58.494 kr.** ~~89.990 kr.~~



EXTRA TILBOÐ
30%
AFSLÁTTUR

## MEXICO
2,5 og 3ja sæta sófar. Bleikt (Dusty Rose) sléttflauel.

2,5 sæta stærð: 169 x 89 x 87 cm
**55.993 kr.** ~~79.990 kr.~~

3ja sæta stærð: 201 x 89 x 87 cm
**62.993 kr.** ~~89.990 kr.~~



EXTRA TILBOÐ
30%
AFSLÁTTUR

## CHARLIETOWN
2ja og 3ja sæta sófar og stóll. Grátt sléttflauel.

2ja sæta stærð: 164 x 88 x 78 cm
**83.993 kr.** ~~119.990 kr.~~

3ja sæta stærð: 219 x 88 x 78 cm
**97.993 kr.** ~~139.990 kr.~~



EXTRA TILBOÐ
30%
AFSLÁTTUR

## CHARLIETOWN
Hægindastóll, grátt sléttfluel

**55.993 kr.** ~~79.990 kr.~~



EXTRA TILBOÐ
40%
AFSLÁTTUR

## SKETCH
Garðborð með bambus í borðplötu og málmur í grind og fótum. 160 x 88 x 75 cm

**35.994 kr.** ~~59.990 kr.~~

## NORSE
Stækkanlegt borðstofuborð. Svört spónlögð eik. Svartlökkuð málmgrind og fætur.
Stærð: 90 x 200/270 x 75 cm



EXTRA TILBOÐ
30%
AFSLÁTTUR

**118.993 kr.** ~~169.990 kr.~~



EXTRA TILBOÐ
50%
AFSLÁTTUR

## LISA
Borðstofustóll, blátt eða grátt sléttflauel.

**12.495 kr.** ~~24.990 kr.~~



EXTRA TILBOÐ
35%
AFSLÁTTUR

## BATILDA
Borðstofustóll. Svart PU-leður og viðarfætur

**9.744 kr.** ~~14.990 kr.~~



EXTRA TILBOÐ
35%
AFSLÁTTUR

## CAZAR
Hægindastóll. Brúnt PU-leður.

**16.244 kr.** ~~24.990 kr.~~



EXTRA TILBOÐ
35%
AFSLÁTTUR

## KENYA
Hægindastóll. Holly grænt, grátt eða brúnt sléttflauel.

**32.494 kr.** ~~49.990 kr.~~



EXTRA TILBOÐ
60%
AFSLÁTTUR

## NISAB
Barstóll. Beyki eða svartur.

**10.796 kr.** ~~26.990 kr.~~

# FRÉTTABLAÐIÐ

99. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 1. MAÍ 2019


# Hótar öllu illu verði vélinni ekki skilað

**Erindrekar bandarísks félags sagðir hóta íslenskum félögum vandræðum vestanhafs vegna kyrrsetningar Isavia á flugvél sem WOW air leigði af félaginu. Fyrirtækið hafnaði sáttatilboði félagsins. Úrskurðar héraðsdóms að vænta á morgun.**

**DÓMSMÁL** Dulbúnum hótunum um búsifjar íslenskra flugfélaga og annarra íslenskra fyrirtækja sem selja ferðir til og frá Bandaríkjunum eru meðal þeirra meðala sem beitt er í deilum bandaríska flugvélaleigufyrirtækisins Air Lease Corporation (ALC) og Isavia. Þetta herma heimildir Fréttablaðsins. Eru erindrekar félagsins einnig sagðir gefa stjórnendum Isavia til kynna að spjótum kunni að verða beint að þeim persónulega vegna málsins.

Málið varðar flugvél í eigu ALC sem WOW air hafði á leigu en Isavia hefur kyrrsett vegna vangoldinna lendingar- og annarra flugvallagjalda flugfélagsins.

Pólitísk tengsl milljarðamæringsins Steven F. Udvar-Házy, stjórnarformanns og stofnanda ALC, eru sterk í Bandaríkjunum og ná allt til ráðherra í ríkisstjórn Donalds Trump. Udvar-Házy hefur ekki farið leynt með bræði sína vegna kyrrsetningar Isavia á vél ALC. Í yfirlýsingu sem hann sendi fjölmiðlum fyrr í vikunni segir hann að allra leiða verði leitað til að fá kyrrsetningunni hnekkt og það muni valda miklum álitshnekki fyrir íslensk stjórnvöld. Segir hann meðal annars að leitað verði liðsinnis bandarískra stjórnvalda og stofnana Evrópusambandsins vegna málsins. Heimildir blaðsins herma að sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi hafi átt fundi hérlendis vegna málsins. Málið hefur þó ekki komið inn á borð utanríkisráðuneytisins samkvæmt svari við fyrirspurn Fréttablaðsins.

ALC hefur lagt fram aðfararbeiðni gegn Isavia og krefst afhendingar flugvélarinnar á þeim grunni meðal annars að engin lagaheimild sé fyrir kyrrsetningunni enda um

**» Félag Udvar-Házy er umsvifamest allra flugvélaleigjenda í Bandaríkjunum og leigir mörg hundruð vélar til flugfélaga víða um heim.**

eign þriðja aðila að ræða. Þá er því meðal annars haldið fram að engin lagaheimild sé fyrir kyrrsetningu vélarinnar þar sem flugfélagið hafi ekki haft umráð yfir vélinni þegar félagið var úrskurðað gjaldþrota. Einnig er gagnrýnt að Isavia hafi ekki gripið fyrr í taumana vegna vanefnda á greiðslu gjaldanna. Með athafnaleysinu hafi Isavia farið í bága við eigin reglur.

Hin vangoldnu gjöld sem kyrrsetning hinnar umdeildu vélar grundvallast á nema um það bil tveimur milljörðum króna, en þau varða ekki nema að litlu leyti þá tilteknu vél sem kyrrsett hefur verið heldur fjölda annarra flugvéla sem WOW air hafði á leigu. Eftir framlagningu aðfararbeiðninnar sendi ALC Isavia tilboð um sátt í málinu þess efnis að ALC greiddi þau gjöld sem rekja megi beint til notkunar þeirrar tilteknu vélar sem kyrrsett er, með þeim fyrirvara þó að félagið telji enga greiðsluskyldu hvíla á félaginu. Isavia hafnaði tilboðinu skömmu eftir fyrirtöku málsins í Héraðsdómi Reykjaness í gær. Málið verður flutt munnlega í fyrramálið og úrskurðar um kröfu ALC er að vænta síðdegis á morgun. **– aá**



1. maí, alþjóðlegur baráttudagur verkalýðsins, er í dag. Af því tilefni verða kröfugöngur farnar víðsvegar um landið þar sem verkalýðurinn, driffjöður íslensks þjóðfélags, vekur athygli á sínum málstað. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Vísbending um að farið sé að hægja á hagkerfinu

**ATVINNULÍF** Fjöldi nýrra skráninga á vanskilaskrá hjá fyrirtækjum fer vaxandi. Hlutfallið hefur ekki verið hærra á sex mánaða tímabili undanfarin tvö ár og er nú rúmlega þrjú prósent. Þetta segir Laufey Jóndóttir, lögfræðingur Creditinfo, og vitnar í nýja greiningu fyrirtækisins. Mesta aukningin er hjá fyrirtækjum í bygginga- og mannvirkjagerð og heild- og smásöluverslun.

Hún segir að um sé að ræða vísbendingar um að farið sé að hægja á hagkerfinu og nefnir að hlutfall nýrra skráninga á vanskilaskrá hjá einstaklingum hafi einnig farið vaxandi. „Fjöldi nýskráninga á vanskilaskrá lýsir ástandinu betur en heildarfjöldi fyrirtækja á skrá," segir Laufey.

**Þetta er enn ein vísbendingin um að farið sé að hægja verulega á hagkerfinu og að krefjandi tímar séu framundan í rekstri margra fyrirtækja.**

Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs SA

Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins, segir að aukin vanskil endurspegli breytta stöðu í efnahagslífinu. „Þetta er enn ein vísbendingin um að farið sé að hægja verulega á hagkerfinu og krefjandi tímar fram undan í rekstri margra fyrirtækja." **– hvj / sjá Markaðinn**

## Fréttablaðið í dag



Halldór


**SKOÐUN** Dagur B. Eggertsson skrifar um trausta fjármálastjórn og betri þjónustu. 12

**SPORT** Fylkir mun fylgja eftir góðu gengi á undirbúningstímabilinu ef spá Fréttablaðsins rætist. 14

**MENNING** Sigríður Jónsdóttir gefur leikritinu Loddarinn fjórar og hálfa stjörnu. 24

**LÍFIÐ** Bríet gerir það gott í sjónvarpsþáttum í Hollywood. 28

**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður



Norðaustan 5-10 í dag og skýjað en úrkomulítið norðan- og austanlands með hita 2 til 8 stig. Hægari breytileg átt um landið sunnanvert, skýjað með köflum og skúrir síðdegis, hiti að 14 stigum. SJÁ SÍÐU 20

# Eins milt og veðrið verður



Veðrið á fyrstu dögum sumars hafa verið með ágætum og svo virðist sem borgarbúar í Reykjavík ætli að njóta þessara sumardaga til hins ýtrasta. Í miðborg Reykjavíkur nutu margir blíðunnar í gær og gerðu sér glaðan dag á Austurvelli.

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir af mannlífinu er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

## Sumarlokanir í gildi í Reykjavík

**SAMFÉLAG** Opnaðar verða göngugötur í miðborginni í dag og verða þær opnar til 1. október. Líkt og síðustu ár verða göngugöturnar Laugavegur og Bankastræti frá Klapparstíg að Þingholtsstræti, Skólavörðustígur milli Bergstaðastrætis og Laugavegar, Pósthússtræti milli Kirkjustrætis og Hafnarstrætis, Austurstræti ásamt Veltusundi og Vallarstræti.

„Gangandi vegfarendur fá betri hljóðvist á öllu svæðinu, minni mengun og aðgengi fyrir alla er betrumbætt. Þá verður aðstaða til vörulosunar bætt,“ segir í tilkynningu borgarinnar. 1.144 bílastæði eru í húsum Bílastæðasjóðs í miðborginni og 800 stæði í bílakjöllurum Hafnartorgs og Hörpu. **– bg**



**Frá alþjóðlegum baráttudegi verkalýðsins í fyrra.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Fjölbreytt hátíðahöld

**SAMFÉLAG** Hátíðahöld í tilefni 1. maí verða í meira en 30 sveitarfélögum samkvæmt tilkynningu frá ASÍ. Í Reykjavík verður gengið frá Hlemmi niður á Ingólfstorg þar sem útifundur verður. Fer gangan af stað klukkan 13.30.

Meðal ræðumanna á Ingólfstorgi verða Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður ÖBÍ, og Sonja Þorbergsdóttir, formaður BSRB. Þá munu Bubbi Morthens og GDRN koma fram.

VR býður upp á skemmtun á Klambratúni fyrir gönguna sem hefst klukkan 11.30. Eftir útifundinn verður kaffisamsæti í anddyri Laugardalshallarinnar. Efling býður í kaffi í Valsheimilinu að Hlíðarenda að loknum útifundi.

Drífa Snædal, forseti ASÍ, flytur aðalræðuna í hátíðardagskrá á Akureyri. Þar verður farið í kröfugöngu frá Alþýðuhúsinu klukkan 14.

Meðal annarra viðburða má nefna samstöðutónleika í Bæjarbíói í Hafnarfirði, kröfugöngu og dagskrá í Edinborgarhúsinu á Ísafirði, hátíðardagskrá í íþróttahöllinni á Húsavík og kaffisamsæti í Alþýðuhúsinu í Eyjum. **– sar**




# Fangelsin kaupa tóbak fyrir milljónir

**Fangelsismálastofnun kaupir tóbak fyrir hundruð þúsunda króna í hverjum mánuði fyrir fanga. Tóbakið er selt í fangelsissjoppunum á Litla-Hrauni og Sogni. Stofnunin hefur engar tekjur af og selur tóbakið á kostnaðarverði.**

**FANGELSISMÁL** Fangelsismálastofnun kaupir í hverjum mánuði töluvert magn af tóbaki af Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (ÁTVR) sem stofnunin svo selur föngum á kostnaðarverði. Fangelsismálastjóri segir verslanir fangelsanna ekki reknar í ágóðaskyni. Stofnunin kaupir tóbak fyrir mörg hundruð þúsunda í hverjum mánuði. Rafrettur verða þó sífellt vinsælli meðal fanga.

„Við rekum verslanir í fangelsunum þar sem vistmenn geta keypt ýmsan varning sem áhugi er fyrir. Sígarettur eru vinsælar þó að verulega hafi dregið úr reykingum hefðbundinna sígaretta eftir að rafsígarettur komu á markað,“ segir Páll Winkel fangelsismálastjóri í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins um reikning sem birtist á vef Opinna reikninga á dögunum. Reikningurinn var fyrir „áfengi og tóbaki“ og hljóðaði upp á 790 þúsund krónur. Páll segir stofnunina að sjálfsögðu ekki kaupa áfengi fyrir fanga eða starfsmenn. Aðeins tóbak upp í pantanir fanga.



Þegar viðskipti Fangelsismálastofnunar við ÁTVR eru skoðuð aftur í tímann á vef Opinna reikninga má sjá að stofnunin kaupir nokkurt magn tóbaks mánaðarlega. Það sem af er þessu ári hefur til að mynda verið keypt tóbak fyrir alls tæpar 3,7 milljónir króna.



**Verslunin Rimlakjör hefur verið starfrækt lengi á Litla-Hrauni. Þar eru föngum útvegaðar sígarettur.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Sígarettur eru vinsælar þó að verulega hafi dregið úr reykingum hefðbundinna sígaretta eftir að rafsígarettur komu á markað.**



En aðspurður segir Páll þó stofnunina engar tekjur hafa af sölunni.

„Verslanir fangelsanna eru ekki reknar með ágóða. Við reynum að eiga til það sem skjólstæðingar okkar óska eftir hverju sinni og það er breytilegt frá einum tíma til annars,“ segir Páll og því ljóst að sígaretturnar eru seldar á kostnaðarverði.

Verslanir sem þessar eru reknar í fangelsunum á Sogni og Litla-Hrauni en í síðarnefnda fangelsinu er rekin hin þekkta verslun Rimlakjör. Þar er aðgengi að hinum helstu nauðsynjavörum ásamt mat en þar starfa jafnan tveir fangar ásamt starfsmanni fangelsisins. **mikael@frettabladid.is**



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Sumardagar á götum Reykjavíkurborgar



Veðrið leikur við landann um þessar mundir og í miðborg Reykjavíkur tóku margir sér hvíld frá amstri dagsins og lögðust í grasið á Austurvelli, gæddu sér á einni með öllu, eða nýttu tækifærið til að æfa listir sínar á Ingólfstorgi. Anton Brink, ljósmyndari á Fréttablaðinu, fór á stúfana og náði þessum myndum af Reykvíkingum að njóta veðurblíðunnar á meðan hún gefst.







1. MAÍ 2019

# JÖFNUM KJÖRIN
## – SAMFÉLAG FYRIR ALLA

Þeim samfélögum farnast best þar sem jöfnuður er mestur. Sem betur fer er jöfnuður meiri hér en víða annars staðar en við getum gert svo miklu betur. Verkalýðshreyfingin vill samfélag þar sem fólk getur lifað með reisn, þar sem öll börn hafa sömu möguleika og þar sem engin manneskja þarf að hokra í fátækt.

Ráðumst af alvöru gegn þeim ójöfnuði sem hefur farið vaxandi á Íslandi. Það er nóg til fyrir alla í okkar gjöfula landi. Krafa okkar í dag er meiri jöfnuður og samfélag þar sem allir fá tækifæri til að blómstra. Förum þangað og öllum farnast betur.

**ASÍ óskar launafólki til hamingju með baráttudaginn og hvetur til samstöðu í aðgerðum stéttarfélaganna 1. maí.**

ASÍ

Alþýðusamband Íslands

# Zuckerberg leggur áherslu á öryggi gagna með nýrri uppfærslu

**TÆKNI** Mark Zuckerberg, stofnandi og forstjóri samfélagsmiðlarisans Facebook, kynnti í gær nýja útgáfu bæði vafra- og appútgáfu samfélagsmiðilsins Facebook á ráðstefnu fyrirtækisins. Að sögn Zuckerbergs verða notandinn og öryggi persónulegra upplýsinga hans gert að algjöru forgangsatriði með uppfærslunni.

„Saga Facebook telur fjórar eiginlegar útgáfur af miðlinum og þetta er sú fimmta. Þannig við köllum hana einfaldlega FB 5,“ sagði Zuckerberg.

Forstjórinn viðurkenndi að undanfarin misseri hafa reynst Facebook erfið. Fyrirtækið hefur beðið mikinn álitshnekki vegna aragrúa hneykslismála sem flest snúa að öryggi og meðferð persónulegra gagna. „Sko, ég skil vel ef margir halda að okkur sé ekki alvara nú. Orðspor okkar með tilliti til öryggismála er ekkert sérstaklega sterkt, svo vægt sé til orða tekið. En ég er staðráðinn í því að gera þetta vel og hefja nýjan kafla í sögu Facebook.“

Útlit samfélagsmiðilsins breytist verulega með uppfærslunni. Meiri áhersla er lögð á að sýna notandanum innlegg úr hópum og viðburði í stað deilinga og stöðuuppfærsla. Þá hefur blái liturinn sem einkennt hefur Facebook frá stofnun að mestu vikið fyrir hvítum, miðað við sýnishornin sem Zuckerberg sýndi á F8. **– þea**

> **Orðspor okkar með tilliti til öryggismála er ekkert sérstaklega sterkt, svo vægt sé til orða tekið. En ég er staðráðinn í því að gera þetta vel.**
>
> Mark Zuckerberg, forstjóri Facebook





FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Stýrihópur um samgöngumál

**SAMGÖNGUMÁL** Settur hefur verið á fót stýrihópur til að hefja viðræður til að móta tillögur um næstu skref í uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu.

Í hópnum sitja fyrir hönd ríkisstjórnarinnar forsætisráðherra, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra. Þá eiga formaður og varaformaður Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sæti í hópnum auk borgarstjóra.

Hópnum er ætlað að vinna tillögur út frá fyrirliggjandi hugmyndum um framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu og skýrslu viðræðuhóps frá 2018. Þar er meðal annars að finna samkomulag um tillögu að framkvæmdum á stofnvegum og innviðum borgarlínu til næstu 15 ára.

Fram kemur í tilkynningu að markmið viðræðnanna sé að móta sameiginlega sýn um fjármögnun 102 milljarða fjárfestingarátlunar í samgöngumálum á höfuðborgarsvæðinu. Þá mun hópurinn leggja fram beinar tillögur um fjármögnun einstakra framkvæmda og hvernig verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga verður háttað. **– sar**

FRÉTTABLAÐIÐ
**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

# Spyrja 50 lykilspurninga um framtíð sveitarstjórnarstigs

**Grænbók um stefnumótun fyrir sveitarstjórnarstigið hefur verið lögð fram í opið samráðsferli. Formaður starfshópsins sem vann grænbókina vonast til að fá viðbrögð sveitarstjórnarfólks og almennings.**

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** „Þetta byggir kannski í stórum dráttum á því meginsjónarmiði hvort það eigi að efla sveitarstjórnarstigið eða ekki. Það er grundvallarspurningin. Þótt manni finnist vera nokkur samhljómur um að það eigi að efla það, þá er kannski ekki alveg ljóst hversu mikill samhljómur er um það hvernig eigi að gera það,“ segir Valgarður Hilmarsson, formaður starfshóps um stefnumótun fyrir sveitarstjórnarstigið.

Grænbók, eða umræðuskjal, starfshópsins hefur verið lögð fram í opið samráðsferli. Að samráði loknu mun hópurinn móta hvítbók sem er í raun drög að opinberri stefnu. Auk Valgarðs eiga sæti í hópnum þau Sóley Björk Stefánsdóttir, bæjarfulltrúi á Akureyri, Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Dagur B. Eggertsson borgarstjóri.

„Framsetningin hjá okkur er þannig að við reynum að kalla fram viðbrögð og umræðu. Það má segja að þarna sé bæði samantekt á stöðu sveitarfélaga og því leiðarljósi sem ráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa haft. Síðan er meiningin að lögð verði fram þingsályktunartillaga í haust um stefnumótun,“ segir Valgarður.

Í grænbókinni fer starfshópurinn yfir þau lykilviðfangsefni sem hann telur fram undan á næstu árum. Í því skyni eru settar fram 50 spurningar sem snúa að sjálfsstjórn sveitarfélaga, lýðræði og mannréttindum, sjálfbærni, heildarhagsmunum og verkefnum sveitarfélaga og tekjustofnum.

„Við ákváðum að hafa spurningarnar fleiri en færri í því augnamiði að reyna að draga fram skoðanir fólks. Við munum svo fara vel yfir það sem kemur en við vonumst bæði til þess að fá viðbrögð frá sveitarstjórnarfólki og ekki síður frá íbúum sjálfum.“

Umræðan um eflingu sveitarstjórnarstigsins snúist að miklu leyti um fjármál en ekki megi gleyma félagslega þættinum. „Hvernig horfa hlutirnir til dæmis við sveitarfélögum sem ná yfir stór svæði. Hvernig er hægt að nálgast íbúana og skoðanir þeirra betur? Það eru líka áleitnar spurningar.“

Sé vilji til þess að efla sveitarfélög með því að færa þeim fleiri verkefni þurfi þau að vera stærri og öflugri. Sjálfur var Valgarður sveitarstjórnarmaður í um fjóra áratugi og var meðal annars sveitarstjóri Blönduóssbæjar.

„Kannski þurfa þau líka að vera einsleitari en þau eru í dag þótt það verði auðvitað aldrei jafnað alveg. Við erum með allan skalann frá Árneshreppi á Ströndum til Reykjavíkur. Það er samt alveg sama hver stærð sveitarfélagsins er, þeim er öllum ætlað að þjónusta íbúana.“

sighvatur@frettabladid.is



Árneshreppur á Ströndum er fámennasta sveitarfélag landsins en íbúar voru 40 um síðustu áramót. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Um 52 prósent útgjalda sveitarfélaga fara til fræðslu- og uppeldismála. Næst kemur félagsþjónustan með 17 prósent.**

**72**

**sveitarfélög eru í landinu en þau voru 197 árið 1992.**

## Samherjamenn kæra Má og stjórnendur í Seðlabankanum

**STJÓRNSÝSLA** Stjórn útgerðarfélagsins Samherja og Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja, hafa lagt fram kæru til lögreglu á hendur Má Guðmundssyni seðlabankastjóra og fimm öðrum stjórnendum Seðlabankans vegna ætlaðra brota í starfi.

Þorsteinn Már birtir kæruna á heimasíðu útgerðarfélagsins, og ritar pistil þar sem hann segir aðgerðir Seðlabanka Íslands, þegar ráðist var í húsleit hjá félaginu, með öllu fordæmalausar. Þorsteinn Már hefur birt fjölmarga pistla og greinar þar sem hann lýsir því sem fram fór þegar Samherji sætti rannsókn af hálfu Seðlabankans.

„Frá því í ársbyrjun 2017 hefur Samherji reynt að ljúka málinu og boðið Seðlabanka Íslands til viðræðna um að bæta félaginu hluta þess kostnaðar sem hlotist hefur af málinu. Þáverandi bankaráð beindi því til seðlabankastjóra að svara erindinu en bankastjóri hunsaði það,“ segir hann. Hann hafi ítrekað beiðni sína ári síðar.

„[...]Fullnægjandi málalyktir af okkar hálfu væru afsökunarbeiðni frá bankanum og bætur upp í útlagðan kostnað. Yrði þá ekki frekar aðhafst af hálfu Samherja. Allt kom fyrir ekki og þann 15. apríl sl. barst bréf frá lögmanni Seðlabankans þar sem beiðni Samherja hf. um viðræður var hafnað. Á svipuðum tíma barst mér svo bréf þar sem bankinn kvaðst ekki ætla að endurgreiða sekt sem lögð var á mig persónulega eða hlutast til um að hún verði greidd,“ segir Þorsteinn. Þar af leiðandi eigi Samherji engra annarra kosta völ en að höfða mál á hendur bankanum.

„Starfsmenn bankans tóku fjölmargar ákvarðanir um aðgerðir gegn Samherja í vondri trú og gegn betri vitund. Slík háttsemi varðar við refsilög og felur í sér ásetningsbrot um rangar sakargiftir. Almennir borgarar eru látnir sæta refsingu fyrir slíka framkomu. Rétt er að háttsettir starfsmenn Seðlabanka Íslands sitji við sama borð og aðrir í þessum efnum og svari til saka eins og aðrir borgarar.“ **– sks**



**Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja.**



# 1. MAÍ 2019

## DAGSKRÁ 1. MAÍ HÁTÍÐARHALDANNA Í REYKJAVÍK 2019 VERÐUR SEM HÉR SEGIR:

**13:00** SAFNAST SAMAN Á HLEMMI

**13:30** GANGA HEFST

LÚÐRASVEIT VERKALÝÐSINS OG LÚÐRASVEITIN SVANUR LEIKA Í GÖNGUNNI.

**14:10** ÚTIFUNDUR Á INGÓLFSTORGI SETTUR

**GDRN**

RÆÐA:
**SÓLVEIG ANNA JÓNSDÓTTIR**
FORMAÐUR EFLINGAR STÉTTARFÉLAGS

**GDRN**

RÆÐA:
**SONJA ÞORBERGSDÓTTIR**
FORMAÐUR BSRB

**BUBBI MORTHENS**

**SAMSÖNGUR**
MAÍSTJARNAN OG INTERNASJÓNALINN



FUNDARSTJÓRI: ÞÓRARINN EYFJÖRÐ
ÖLL DAGSKRÁIN VERÐUR TÁKNMÁLSTÚLKUÐ
OG SUNGIÐ VERÐUR Á TÁKNMÁLI Í TÓNLISTARATRIÐUM

/1.MAI.ISLAND

**JÖFNUM KJÖRIN - SAMFÉLAG FYRIR ALLA**

# Ágúst Ólafur boðar endurkomu eftir ósæmilegt athæfi

**STJÓRNMÁL** „Ég hef þurft að horfast í augu við líf mitt, viðurkenna vanmátt minn gagnvart áfengi og vera tilbúinn að þiggja aðstoð annarra,“ skrifar Ágúst Ólafur Ólafsson, þingmaður Samfylkingarinnar, sem boðaði endurkomu sína á þing í Facebook-færslu. Hann hefur verið í leyfi frá því í desember eftir að hafa viðurkennt að hafa áreitt Báru Huld Beck, blaðakonu á Kjarnanum, og



**Ágúst Ólafur Ólafsson þingmaður.**

verið áminntur af trúnaðarnefnd flokksins. Í febrúar sótti hann um framlengingu svo hann gæti lokið meðferð hjá SÁÁ og náð fullum bata.

Nú biður hann um annað tækifæri.

Ágúst Ólafur segir í færslu sem hann birtir á Facebook-síðu sinni í dag að sú aðstoð sem hann hefur fengið frá SÁÁ á meðan hann var í leyfi frá þingstörfum hafi verið honum ómetanleg. Hann segir að það sé ekkert leyndarmál að hann hafi undanfarna mánuði þurft að endurskoða líf sitt og hafi leitað sér faglegrar aðstoðar við áfengisvanda sem hann segir hafa verið meiri en hann áttaði sig á.

„Sú aðstoð sem ég hef fengið frá SÁÁ og fleiri stuðningshópum hefur reynst mér ómetanleg.“

Hann segir að hjá SÁÁ hafi honum opnast nýr heimur. Hann segir að markmið þeirra sem leita sér aðstoðar sé að verða betri „samferðamenn fyrir sína nánustu og samfélagið allt“ og þó að formlegri meðferð sé nú lokið, sé verkefninu aldrei lokið.

Hann segir að lokum að hann taki sæti sínu á þingi ekki sem sjálfgefnu og að hann muni leggja sig allan fram við að vinna sér inn traust á nýjan leik.

„Ég brenn enn fyrir því að starfa í þágu samfélagsins og koma góðum málum til leiðar sem stjórnmálamaður. Í raun er ég biðja um annað tækifæri,“ segir Ágúst að lokum. **– smj**

# Telja afstöðu ráðuneytisins óljósa

**STJÓRNMÁL** Veitur, dótturfyrirtæki Orkuveitu Reykjavíkur, er nú í greiningarvinnu á vatnsgjaldi síðustu ára í kjölfar úrskurðar sveitarstjórnarráðuneytisins um að álagning OR á vatn árið 2016 hafi verið ólögmæt. Fulltrúar OR funduðu í ráðuneytinu á mánudaginn vegna málsins.



**Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi OR.**

„Fundurinn í gær var ágætur en okkur finnst afstaða ráðuneytisins til samspils sveitarstjórnarlaganna og laga um vatnsveitur í þessu efni enn óljós,“ segir Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi OR. Samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytinu óskaði OR eftir leiðbeiningum um vatnsgjald. Þær voru sendar en Orkuveitan mat þær ekki fullnægjandi og óskaði í framhaldinu eftir nánari útskýringum.

Eiríkur segir að Veitur muni fylgjast með vinnu ráðuneytisins um gjaldskrár annarra vatnsveitna til að fá gleggri sýn á skilning stjórnvalda á lögunum. **– ab**




**Krakkaveldi heldur baráttufund í dag.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Krakkaveldi með baráttufund í Iðnó

**SAMFÉLAG** Á alþjóðlegum baráttudegi verkalýðsins heldur Krakkaveldi, stjórnmálaflokkur krakka, baráttufund í Iðnó. Þar verður öllum sem hafa áhuga boðið að taka þátt í umræðum um stefnumál þeirra, auk þess sem aðrir krakkar sem hafa áhuga á að taka þátt geta skráð sig í flokkinn. Þó að stefnumálin séu ekki mörg, þá eru þau skýr. Það eru loftslagsbreytingar og að koma í veg fyrir að fólk sé sent úr landi.

Fréttablaðið hitti nokkra krakka sem skipa flokk Krakkaveldisins í gær.

*Finnst ykkur að flokkarnir séu ekki að fjalla nógu mikið um þessi mál?*

„Nei, en ekki endilega,“ segir Eldlilja Kaja Heimisdóttir og hinir krakkarnir taka undir.

Á fundinum, eða sýningunni eins og þau kalla hann, á morgun ætla krakkarnir að kynna sín mál og bjóða öðrum að taka þátt í umræðunni. Á fundinum munu sitja fyrir svörum Sævar Helgi Bragason, Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, og Andri Snær Magnason.

„Á sýningunni erum við að fara að fræða fólk um hver við erum og hvað við þurfum að laga í heiminum og hvað við þurfum að gera til að bjarga jörðinni,“ segir Eldlilja.

Spurð hvað þurfi að gera til að bjarga jörðinni segja þau að það sé margt hægt að gera. Þau nefna til dæmis að flokka, minnka notkun plasts, hætta að menga, nota fötin meira, kaupa það sem þarf að kaupa, ekki bara kaupa af því að það er nýtt eða fallegt.

„Mér fannst þetta spennandi og langaði að prófa. Pabbi hefur verið í pólitík og mig langaði að prófa,“ segir Eldlilja Kaja.

„Mamma mín sá að mamma annarrar í bekknum var að auglýsa, þannig að ég hélt að hún ætlaði og ákvað að fara líka, en svo kom hin stelpan ekki,“ segir Ástrós Inga Jónsdóttir.

Magnús Sigurður Jónasson segir að hann sé með skrítnustu söguna um það hvernig hann byrjaði að taka þátt. Hann hafi heyrt um flokkinn hjá vinkonu frænku vinar síns og að allir vinir hans hafi ætlað, en að hann hafi síðan verið á endanum sá eini sem kom.

Krakkarnir segjast mjög spennt fyrir fundinum og hvetja alla sem hafa áhuga til að mæta. Fundurinn hefst klukkan 12 í dag.

„Endilega koma. Það verða kökur og það geta aðrir krakkar komið og verið með og skráð sig,“ segir Ástrós.

Krakkaveldi eru samtök sem voru stofnuð í fyrra. Í samtökunum eru börn sem eiga það sameiginlegt að vilja hafa áhrif á samfélag sitt. Börnin eru á aldrinum 8 til 12 ára. Markmið Krakkaveldis er að hlusta að sé á raddir barna og að kröfur þeirra séu teknar alvarlega.

Krakkarnir í Krakkaveldi hafa hist reglulega frá stofnun samtakanna og skipulagt ýmsar aðgerðir síðustu viku til að vekja athygli á málum sem þeim þykja mikilvæg, og er fundurinn í Iðnó liður í því. **– la**



**Skúli bindur vonir við að leikskólakennurum fari að fjölga á nýjan leik.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Leikskólakennarar séu einfaldlega of fáir

**Nýliðun meðal leikskólakennara dugar ekki til að vega upp á móti þeim fjölda sem hættir störfum vegna aldurs. Formaður skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar er bjartsýnn á að það takist að snúa þróuninni við.**

**SKÓLAMÁL** „Það er alveg rétt að það hefur orðið fækkun í þessari mikilvægu stétt á undanförnum árum. Leikskólakennarar eru einfaldlega of fáir og skýringin er hrun í aðsókn í kennaranám eftir að það var lengt í fimm ár með ákvörðun Alþingis 2008. Það útskrifuðust 70 til 80 á ári áður en námið var lengt en eftir það fækkaði þeim niður í í rúmlega 20 þegar verst lét,“ segir Skúli Helgason, formaður skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar.

Líkt og greint var frá um helgina fækkaði leikskólakennurum um 89 á fjögurra ára tímabili. Fóru þeir úr 348 árið 2015 í 259 árið 2018. Skúli segir að fyrst og fremst séu leikskólakennarar að hætta vegna aldurs og þeir sem útskrifast úr náminu séu ekki nógu margir til að vega þar upp á móti. Nemendum í leikskólakennarafræðum fækkaði um rúmlega helming á fjórum árum. Úr rúmlega 250 nemendum árið 2009 í tæplega 90 nemendur árið 2013. En nú erum við sem betur fer að sjá aðsóknina taka við sér. Í fyrra voru nemendur komnir yfir 200 á ný og brautskráningarnar rúmlega 40.

Skúli segir allt tal um skort á samráði við leikskólakennara og naflaskoðun úr lausu lofti gripið. Farið hafi verið í mjög ítarlega greiningu á því hvernig væri hægt að bæta starfsumhverfið og í fyrra hafi verið ráðist í aðgerðir upp á 1,2 milljarða.

Fyrir ári samþykkti borgarráð aðgerðaáætlun til að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla. Til stendur að reisa sex nýja leikskóla, fjölga leikskólaplássum um 800 og stöðugildum um hátt í 300 á fimm ára tímabili. Koma aðgerðirnar til með að kosta rúmlega 5,2 milljarða króna.

> **Að taka inn yngri börn mun setja þrýsting á kerfi sem hefur vaxið allt of hratt. Þrátt fyrir aukningu í leikskólakennaranám er nýliðun langt frá því að vera nægileg. Það er nauðsynlegt að spyrja þeirrar spurningar hvort ekki sé skynsamlegt að hægja á þróuninni þangað til við náum nýliðuninni á flug.**
>
> Haraldur Gíslason, formaður Félags leikskólakennara



Haraldur Gíslason, formaður Félags leikskólakennara, segir að þessi aukning setji þrýsting á kerfið. „Að taka inn yngri börn mun setja þrýsting á kerfi sem hefur vaxið allt of hratt. Þrátt fyrir aukningu í leikskólakennaranám er nýliðun langt frá því að vera nægileg. Það er nauðsynlegt að spyrja þeirrar spurningar hvort ekki sé skynsamlegt að hægja á þróuninni þangað til við náum nýliðuninni á flug,“ segir Haraldur. Bendir hann á að fyrir fimm milljarða króna gæti borgin greitt 300 manns fyrir að fara í nám.

Skúli er bjartsýnn á að það takist að manna stöðurnar með faglærðum leikskólakennurum. „Við gerum okkur vonir um að aukin aðsókn í leikskólakennarafræði muni skila sér. Við sjáum það á tölunum að fækkun leikskólakennara var mun minni á árabilinu 2017 til 2018 en hún var árið á undan.“ Bindur hann vonir við að átak Lilju Alfreðsdóttur menntamálaráðherra um launað starfsnám og styrki til kennaranema komi til með að skila sér, þótt það hefði mátt koma fram fyrir áratug.

Samkvæmt tölum Háskóla Íslands eru jákvæð teikn á lofti um aukna aðsókn að leik- og grunnskólakennaranámi. Alls hafa 264 nemendur sótt um meistaranám á næsta skólaári sem er 30 prósent fjölgun frá meðaltali síðustu fimm ára.

Í fyrrasumar var gerð tilraun með að bjóða ungu fólki sumarstörf á leikskólum borgarinnar. „Þetta sló í gegn og miklu fleiri sóttu um en við áttum von á. Við réðum inn rúmlega 70 sumarstarfsmenn á aldrinum 17 til 20 ára. Núna í ár erum við komin með meira en 250 umsóknir um sumarstörf í leikskólum,“ segir Skúli. „Við heyrðum það í fyrra frá fyrstu hendi að það voru það margir ánægðir með þessa reynslu að þeir sóttu beint um í kennaranámið, eins og við vorum að vona að myndi gerast.“

Skúli segir ekkert að marka tal um að faglegt starf í leikskólum muni leggjast af. „Það er alls ekki smekklegt að fara með umræðuna þangað. Ef Sjálfstæðismenn vilja að farið sé í naflaskoðun þá mættu þeir skoða hvað hefði átt að gera til að koma í veg fyrir þetta hrun sem varð í aðsókninni í leikskólakennaranám þegar það var lengt undir forystu þeirra.“ **arib@frettabladid.is**


AÐEINS Í DAG 1. MAÍ
ALLAR
VÖRUR
20%
AFSLÁTTUR
VEFVERSLUN
WWW.RFL.IS
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
GILDIR AÐEINS 01.05
OPNUNARTÍMAR 1. MAÍ
BÍLDSHÖFÐI 12-18
GRANDI 12-18
SMÁRATORG 12-18
SKEIFAN 12-18
SELFOSS 12-18
AKUREYRI 13-17

# Akihito afsalar sér krúnunni og óskar heimsbyggðinni allri friðar

**JAPAN** Akihito Japanskeisari afsalaði sér krúnunni í keisarahöllinni í Tókýó í gær. Hann varð þannig fyrsti japanski keisarinn til þess að taka þetta skref í rúmar tvær aldir. Naruhito krónprins og sonur þeirra Akihito og Michiko, tók við á miðnætti að staðartíma með keisaraynjuna Masako sér við hlið.

Akihito byrjaði sinn síðasta dag sem keisari á því að taka þátt í shintotrúarathöfn þar sem hann bað goðfræðilega forfeður keisaraættarinnar um leyfi fyrir því að afsala sér krúnunni, að því er BBC greindi frá.

Hinn 85 ára gamli fyrrverandi keisari vildi stíga til hliðar sökum heilsu sinnar og aldurs. Í síðustu ræðu sinni sem keisari óskaði hann Japan og heiminum öllum alls hins besta og þakkaði kærlega samfylgdina í gegnum þá þrjá áratugi sem hann sat á keisarastóli.

Hefð er fyrir því að valdatíð hvers keisara fái sérstakt nafn í Japan. Nú er sum sé tekið við Reiwa-tímabilið en Heisei-tímabilið er liðið undir lok. Reiwa hefur verið þýtt sem fallegur samhljómur á meðan Heisei þýðir friður.

„Við keisarahjónin vonum að Reiwa-tímabilið einkennist af stöðugleika og velsæld. Ég bið fyrir því af öllu hjarta að Japanar og allir íbúar jarðar njóti friðar og hamingju,“ sagði Akihito.

Hinn 59 ára gamli Naruhito á eitt barn, prinsessuna Aiko sem fæddist árið 2001. Japönsk lög heimila konum ekki að erfa keisarastólinn og er föðurbróðir Aiko, Fumihito, því orðinn krónprins. – þea



**Akihito keisari og Michiko keisaraynja á lokasprettinum sem keisarahjón. Hin nýju, Naruhito og Masako, sjást svo hér í bakgrunni.** NORDICPHOTOS/AFP

# Katrín fundaði með Sturgeon

**UTANRÍKISMÁL** Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra fundaði með Nicola Sturgeon, fyrsta ráðherra skosku heimastjórnarinnar, í Skotlandi í gær. Þetta kom fram í tilkynningu á vef stjórnarráðsins. Þær ræddu um samstarfsverkefni smærri ríkja á sviði hagsældar, loftslagsmála og um samstarf á sviði sjálfbærrar ferðaþjónustu.

**Það eru sterk tengsl á milli Íslands og Skotlands og ég fagna mjög samstarfi okkar á sviði hagsældar og sjálfbærrar ferðaþjónustu.**

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra



„Það eru sterk tengsl á milli Íslands og Skotlands og ég fagna mjög samstarfi okkar á sviði hagsældar og sjálfbærrar ferðaþjónustu. Við lítum til stefnumótunar skoskra stjórnvalda í þessum málaflokkum og fleirum, þar á meðal að því er varðar stafrænt kynferðisofbeldi og heimilisofbeldi. Þá ræddum við sérstaklega um loftslagsmál enda löngu tímabært að þau mál skili sér inn í stefnumótun á öllum öðrum sviðum,“ sagði Katrín. – þea



**Joe Biden.** NORDICPHOTOS/AFP

# Biden tekur mikinn kipp

**BANDARÍKIN** Joe Biden, fyrrverandi varaforseti Bandaríkjanna, hefur tekið mikinn kipp í skoðanakönnunum frá því hann tilkynnti formlega um framboð sitt í forvali Demókrata fyrir forsetakosningarnar 2020 í síðustu viku ef marka má nýja könnun frá CNN.

Samkvæmt könnun Monmouth, sem var birt níu dögum fyrir tilkynningu Bidens, hafði hann stuðning 27 prósenta en Bernie Sanders og Kamala Harris voru með 20 prósent og átta prósent.

CNN birti í fyrrinótt einu stóru könnunina sem gerð hefur verið eftir tilkynningu varaforsetans fyrrverandi. Þar mælist Biden með mikið forskot; 39 prósent gegn 15 prósentum Sanders og fimm prósentum Harris en þau eru í öðru og þriðja sæti samkvæmt meðaltali kannana.

Aðrir frambjóðendur hafa tekið kipp eftir tilkynninguna. Sá kippur er þó venjulega tímabundinn og verður forvitnilegt að sjá hvort það sama gildir um Biden. – þea



**Stuðningsmenn Juan Guaidó flykktust að herstöð í höfuðborginni Karakas þar sem þeim lenti saman við lögreglu og þjóðvarðliðið.** NORDICPHOTOS/AFP

# Átök brutust út á milli stjórnar og andstöðunnar í Venesúela

**Lögregla og þjóðvarðlið vörpuðu táragasi á stuðningsmenn stjórnarandstöðuleiðtogans og starfandi forsetans Juan Guaidó í höfuðborg Venesúela eftir að hann birti myndband af sér með hermönnum og hvatti fólk til þess að grípa til aðgerða gegn stjórn Nicolás Maduro forseta. Tugir sagðir vera særðir.**

**VENESÚELA** Átök brutust út á milli stjórnarsinna og stjórnarandstæðinga í Venesúela í gær. Stjórnarliðar sögðu ríkisstjórnina vera að kveða niður „minniháttar valdaránstilraun“. CNN í Venesúela, sem ríkisstjórnin lét loka fyrir í gærkvöldi, greindi frá því að 52 hefðu særst í átökunum. Þar af 32 vegna gúmmíbyssukúlna og einn vegna raunverulegrar byssukúlu.

Ástandið í Venesúela hefur verið á suðupunkti mánuðum saman eða allt frá því að venesúelska þingið lýsti því yfir í janúar að Juan Guaidó þingforseti tæki við sem starfandi forseti af Nicolás Maduro. Þingið, þar sem stjórnarandstaða hefur meirihluta, lítur svo á að Maduro hafi ekki verið endurkjörinn í forsetakosningunum 2018 þar sem hann á að hafa svindlað.

Maduro er ekki á sama máli og þingið enda álítur hann það í raun valdalaust. Hann stofnaði sérstakt stjórnlagaráð árið 2017 þar sem samflokksmenn hans halda öllum sætum. Forsetinn álítur ráðið eins konar arftaka þingsins.

Eftir að þingið lýsti Guaidó starfandi forseta bárust stuðningsyfirlýsingar frá Vesturlöndum. Bandaríkin hafa verið einna háværust í stuðningi við Guaidó. Rússar hafa hins vegar verið einir dyggustu stuðningsmenn Maduro-stjórnarinnar.

**Þessi stuðningur endurspeglar hug landsmanna.**

Juan Guaidó, leiðtogi venesúelsku stjórnarandstöðunnar



Atburðarás gærdagsins hófst þegar Guaidó birti myndband af sér þar sem hann sást með einkennisklæddum hermönnum fyrir utan La Carlota-herstöðina í höfuðborginni Karakas. Guaidó sagði að hermenn hefðu svarað kalli stjórnarandstöðunnar og sagði að gærdagurinn markaði „endalok valdaránsins“.

Við hlið Guaidó stóð einnig Leopoldo López, samflokksmaður hans sem var dæmdur í stofufangelsi árið 2014 fyrir að hafa skipulagt mótmæli. López greindi síðar frá því á Twitter að hermenn hefðu leyst hann úr haldi. „Nú þurfa allir að fara í viðbragðsstöðu. Það er tími til þess að vinna frelsissigur,“ tísti hann.

Guaidó sagði við blaðamenn að fjöldi hermanna styddi hann nú. „Það eru hershöfðingjar, ofurstar, majórar. Þessi stuðningur endurspeglar hug landsmanna.“

Maduro brást samkvæmt The New York Times við með því að segja að herinn væri hliðhollur ríkisstjórn hans. Jorge Rodríguez, upplýsingamálaráðherra Maduros, fylgdi í kjölfarið og sagði ríkisstjórnina nú vera að „takast á við og leysa upp hóp landráðamanna úr hernum sem hefðu tekið yfir herstöðina til þess að framkvæma valdarán“.

Upp úr hádegi að staðartíma höfðu um 2.000 safnast saman til stuðnings Guaidó við herstöðina og um 200 stuðningsmenn Maduros við forsetahöllina. Átök brutust út við herstöðina og varpaði þjóðvarðlið og lögregla táragasi á stjórnarandstæðinga. Sjá mátti brynvarinn bíl þjóðvarðliðsins aka yfir mótmælendur á myndbandi sem birtist á veraldarvefnum. Samkvæmt Reuters í Venesúela hafði mótmælendur grýtt bílana.

Rússneska utanríkisráðuneytið sakaði stuðningsmenn Guaidó í tilkynningu um að beita ofbeldi til þess að ná sínu fram. „Í staðinn fyrir að leysa pólitískan ágreining á friðsamlegan hátt hafa þeir ákveðið að stofna til átaka.“

Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, sagðist fylgjast náið með gangi mála. „Bandaríkin standa með venesúelsku þjóðinni og frelsi hennar,“ tísti forsetinn og átti þar við stuðningsmenn Guaidó.

Antonio Guterres, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, hvatti til stillingar að sögn upplýsingafulltrúa hans, Stephane Dujarric. „Hann biðlar til alla hlutaðeigandi um að forðast ofbeldi og leitast við að koma á friði á ný.“

Ekki hafði tekist að stilla til friðar þegar Fréttablaðið fór í prentun í gær. The Guardian hafði eftir venesúelska blaðamanninum Luz Mely Reyes að Guaidó hefði ekki ætlað sér að stíga þetta skref í gær. Honum hefði hins vegar fundist hann knúinn til þess þar sem ríkisstjórnin var við það að handtaka hann, sagði Reyes.

**thorgnyr@frettabladid.is**

#mínbarátta

# Til hamingju með daginn!

## 1. MAÍ ER BARÁTTUDAGUR VERKALÝÐSINS

**Árleg áminning um mátt samstöðunnar og nauðsyn áframhaldandi baráttu fyrir réttlæti og mannsæmandi lífskjörum fyrir alla.**

**Þínar kröfur – okkar barátta!**

## HÁTÍÐARDAGSKRÁ Á KLAMBRATÚNI

**Kl. 11.30 – Upphitun fyrir kröfugöngu**

- Jónsi, Íþróttaálfurinn og Solla stirða hefja skemmtun og stjórna upphitun fyrir fjölskylduhlaupið
- Fjölskylduhlaup VR – allir fá verðlaunapening
- Kröfuskiltagerð
- Grillvagninn grillar pylsur og bulsur
- Sýning frá Sirkus Íslands
- Jói P og Króli
- Marserað að Hlemmi með Jónsa og Lúðrasveit verkalýðsins

**Kl. 13.30**

- Kröfuganga leggur af stað frá Hlemmi

**Kl. 14.00**

- Baráttufundur á Ingólfstorgi

Verkalýðskaffi í anddyri Laugardalshallar að baráttufundi loknum.






VR

# Feigðarflan?



Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

Of langt hefur verið gengið nú þegar í markaðsvæðingu grunnstoða og feigðarflan að staðfesta markaðsvæðinguna og ganga lengra í þá átt.“

Þetta og fleira í þessum dúr kemur fram í dæmalausri umsögn frá forystu Alþýðusambandsins um heitasta umræðuefnið á kaffistofunum þessi dægrin, Þriðja orkupakkann.

Popúlistar þvert á flokkslínur keppast við ábyrgðarlaus upphlaup og barátta andstæðinga orkupakkans virðist, ótrúlegt en satt, öðrum þræði snúast um það að Ísland dragi sig hreinlega út úr affarasælu alþjóðasamstarfi með öllu. Jafnvel með uppsögn EES-samningsins.

Undir þetta hefur hreyfing launþega nú tekið og leggst þannig á sveif með öflum sem beita öllum brögðum til þess að grafa undan samningnum.

Leitun er að þeim hópi sem hefur notið jafn góðs af alþjóðasamstarfi og launþegar, og tilvalið er að rifja það upp í dag á alþjóðlegum degi verkalýðsins. Efnahagslegar og félagslegar framfarir á borð við aukna vinnuvernd, gagnsæi, neytendavernd og nútímasamkeppnislöggjöf sem færir okkur fjölbreytni og oft lægra verð eru eingöngu nokkur dæmi um þær miklu umbætur sem samningurinn hefur fært launþegum í landinu og mun vonandi áfram gera. Sem betur fer áttum við á árum áður stjórnmálamenn sem sáu hvað innri markaðurinn og sameiginleg löggjöf færðu okkur.

Langstærstur hluti þeirra lífsgæða sem við teljum sjálfsögð hér á landi í dag eru tilkomin einmitt vegna samningsins. Undir eru gríðarlegir hagsmunir sem Ísland hefur af frjálsum viðskiptum, alþjóðasamstarfi og síðast en ekki síst mannréttindum. Undir er líka að ungt fólk kæri sig yfirhöfuð um að búa hér á landi, en kjósi ekki einfaldlega með fótunum.

Saga verkalýðsbaráttu á Íslandi er löng og margir sigrar unnust í árdaga. En síðasta aldarfjórðunginn eða svo hafa mestar framfarir orðið í alþjóðlegri samvinnu.

Hér hafa verið gengnar kröfugöngur þann 1. maí allt frá árinu 1923 og krafan er í grunninn alltaf sú sama, aukin réttindi og betri kjör fyrir vinnandi fólk – krafist er réttlátara samfélags. Síðan 1923 hefur ótrúlega margt áunnist, ekki síst fyrir tilstilli samstöðu og þrotlausrar baráttu launafólks. Fyrir það er rétt að vera þakklátur. En það er vont þegar sjálft Alþýðusambandið missir sjónar á því sem raunverulega skiptir máli fyrir fólkið í landinu.

Framtíð launþega á Íslandi er best borgið í samfloti með þeim löndum sem við eigum mest saman við að sælda, löndunum á Evrópska efnahagssvæðinu. Vonandi ber launþegahreyfingin gæfu til þess að leggjast á árarnar og hafna dæmalausum og óvönduðum málflutningi andstæðinga orkupakkans fremur en að taka undir skefjalaust bullið.

Fyrir launþega í landinu.

**Langstærstur hluti þeirra lífsgæða sem við teljum sjálfsögð hér á landi í dag er tilkominn einmitt vegna samningsins.**

## Halldór









## Frá degi til dags

**Hver var ráðherrann?**

**Miðflokksmaðurinn Ólafur Ísleifsson velti því upp á fundi utanríkismálanefndar í fyrradag hvort það væri þannig að Íslendingar hefðu engan annan valkost en að samþykkja þriðja orkupakkann ef ekki ætti að stefna EES-samstarfinu í hættu. Skúli Magnússon héraðsdómari sem var gestur nefndarinnar benti þingmanninum á að besta leiðin til að leita eftir undanþágum eða aðlögunum væri á fyrri stigum. Kannski væri best að spyrja utanríkisráðherrann sem sat 2016 að því hvers vegna það hafi ekki verið gert þá. Svo skemmtilega vill til að umræddur fyrrverandi utanríkisráðherra er Gunnar Bragi Sveinsson. Sami Gunnar Bragi og nú er samflokksmaður Ólafs og átti raunar að sitja umræddan fund fyrir hönd Miðflokksins.**

**ASÍ gegn EES?**

**ASÍ sendi Alþingi umsögn vegna þriðja orkupakkans þar sem lagst er gegn samþykkt málsins. Raunar telur ASÍ að þegar hafi verið gengið of langt með orkupökkum eitt og tvö en með þeim var komið á samkeppni á raforkumarkaði. Flestir fræðimenn telja að það myndi hafa töluverðar afleiðingar fyrir EES ef Alþingi hafnaði orkupakkanum. Hingað til hefur það verið nokkuð óumdeilt að EES-samningurinn hafi reynst íslensku launafólki afar vel. Það væru þónokkur tíðindi ef ASÍ hefði skipt um skoðun á því. sighvatur@frettabladid.is**

# Traust fjármálastjórn og betri þjónusta



Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri í Reykjavík.

Þegar Besti flokkurinn og Samfylkingin tóku við stjórn borgarinnar árið 2010 voru fjármál borgarinnar í rúst. Orkuveitan stóð sérstaklega tæpt enda vantaði 50 milljarða til að fyrirtækið kæmist í gegnum næstu ár. Gatið í fjármálum borgarsjóðs sem loka þurfti í fyrstu fjárhagsáætluninni var fimm milljarðar. Stóra verkefnið var niðurskurður og hagræðing en á sama tíma þurfti að ýta undir atvinnusköpun, fjárfestingu og ferðaþjónustu. Um leið var atvinnuleysi í methæðum með tilheyrandi útgjöldum úr borgarsjóði.

Þegar ársreikningur borgarinnar fyrir árið 2018 var lagður fyrir borgarráð í gær var ljóst að þriðja árið í röð stefndi í góðan og öruggan afgang af rekstri borgarsjóðs og fyrirtækja borgarinnar. Rekstrarniðurstaða A-hlutans, sem er rekstur og eignir borgarsjóðs skilaði niðurstöðu upp á 4,7 milljarða. Það er á pari við árið 2017 sem einnig var gríðarlega sterkt ár. Þessi góði árangur náðist þrátt fyrir að árið 2018 hafi verið okkar stærsta ár í fjárfestingum í innviðum og þrátt fyrir þá staðreynd að við höfum aukið framlög til skólamála og velferðarmála til muna.

Traust fjármálastjórn hefur verið aðalsmerki borgarinnar frá 2010. Þegar svigrúm hefur skapast hefur það verið nýtt til að bæta þjónustu þeirra sem mest þurfa á að halda ásamt því að sinnt hefur verið umfangsmikilli innviðauppbygginu. Reksturinn gengur vel, fjárfestingar eru miklar og sterk staða er á handbæru fé. Um leið eru teikn á lofti í efnahagslífinu og rekstur margra sveitarfélaga í járnum. Ljóst er að sveitarfélög þurfa að halda vel á spöðunum og stýra fjármálum áfram af ábyrgð. Reykjavíkurborg er vel í stakk búin til að takast á við framtíðina á traustum grunni. Þess vegna fögnum við sérstaklega niðurstöðu þessa ársreiknings sem ber vott um borg sem hefur metnað fyrir framúrskarandi þjónustu, áherslu á góða innviði og síðast en ekki síst – forgangsraðar í þágu aukinna lífsgæða íbúa, velferðar- og skólamála.

**Ljóst er að sveitarfélög þurfa að halda vel á spöðunum og stýra fjármálum áfram af ábyrgð. Reykjavíkurborg er vel í stakk búin til að takast á við framtíðina á traustum grunni.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# (FS) Á Vegagerðin að eiga rúturnar?



Orri Hauksson
forstjóri Símans

Íslenska vegakerfið hefur alla tíð verið vinsælt umræðuefni og tilefnunum til að færa það í tal er hreint ekki að fækka. Hundruð þúsunda ferðamanna nýta nú langferðabíla á ferðum sínum milli náttúruperlna, þannig að viðhald og uppbygging vega hefur vart undan álaginu. Mitt í þessu ati hefur engum dottið í hug að leggja til að Vegagerðin reki sjálf hin stórvirku samgöngutæki, sem aka á vegum landsins. Enda engin ástæða til.

Þannig er staðan þó á íslenskum fjarskiptamarkaði. Borgarfyrirtækið Gagnaveita Reykjavíkur (GR) hefur fjárfest í fjarskiptalögnum að 100 þúsund heimilum á suðvesturhorninu, fyrir um 32 milljarða á núvirði. Þessar rándýru fjárfestingar mega þjónustuaðilar þó ekki nýta með beinum hætti til að keppa um hylli neytenda. Það skilyrði fylgir nefnilega, að með aðgangi að innviðum sé jafnframt keypt heildstæð þjónusta af borgarfyrirtækinu. Þjónustuveitendur skulu kaupa allt eða ekki neitt.

Þetta er svipað og ef Vegagerðin gerði fyrirtækjum í ferðaþjónustu það skilyrði að nýta eingöngu langferðabíla frá Vegagerðinni sjálfri. Kynnisferðum, Gray Line og Snæland Grímssyni byðist þannig að nota eigin vörumerki og söluvefi til að selja sæti, en þó aðeins í þeim rútum sem Vegagerðin útvegar. Bifreiðar frá fyrirtækjunum sjálfum fengju ekki aðgang að hinu opinbera vegakerfi. Vegagerðin mundi góðfúslega benda þeim, sem hygðust nýta eigin fararskjóta, á að byggja sér sjálfir nýja vegi undir þá.

**Gróska, nýsköpun og samkeppni leysist mun frekar úr læðingi ef hið opinbera gerir ekki þátttöku sína í nær allri virðiskeðjunni að skilyrði fyrir því að opinberir innviðir séu lagðir eða nýttir.**

**Svifryki þyrlað upp**

Ofangreind stefna GR á tilurð sína í hugsunarhætti einokunar, að félagið þurfi að eiga nær alla virðiskeðju fjarskipta. Þetta lokaða fyrirkomulag leiðir af sér skort á samkeppni, þjónustuframboðið verður einsleitt og verðin þau sömu. Búnaður og tækni GR sjálfrar eru yfir og undir og allt um kring, en ekkert rými veitt til að hugsa út fyrir boxið. Ólíkt GR veit Vegagerðin að verkefnið, að leggja og reka innviði í landinu, gerir Vegagerðina ekki þess umkomna að ákveða þjónustustig í allri akstursþjónustu um landið. Er ekið að Gullfossi, Hjálparfossi eða Glymi? Fylgir leiðsögumaður sem talar katalónsku? Er hægt að kaupa ketófæði um borð? Vegagerðin veit, sem er, að hún á ekki að skipta sér af neinu af þessu. Gróska, nýsköpun og samkeppni leysist mun frekar úr læðingi ef hið opinbera gerir ekki þátttöku sína í nær allri virðiskeðjunni að skilyrði fyrir því að opinberir innviðir séu lagðir eða nýttir. Næsta þróun í fjarskiptum, svo sem 5G og internet hlutanna, byggist ekki á því að opinber fyrirtæki gíni yfir öllu, hvað þá að þau framkalli óþarft fjárfestingakapphlaup á suðvesturhorninu á kostnað framþróunar í öðrum landshlutum.

**Hundruðum milljóna hafnað**

Ljósleiðari er efnisþráður með nær óendanlega burðargetu. Þótt eitt tæknifyrirtæki nýti hann með tilteknum hætti er næg bandvídd fyrir aðra til að keppa um hylli neytenda. Það er grátlegt að á meðan víða um land eru takmarkaðar fjárfestingar í fjarskiptum, ætli Reykjavíkurborg sér að stuðla að óþarfa raski og áframhaldandi tvígreftri að heimilum, hér á takmörkuðum bletti landsins og jafnframt þeim þéttbýlasta. Möguleg viðskipti Símans við GR myndu færa borgarfyrirtækinu hundruð milljóna í tekjur á hverju ári. Af hverju vill GR ekki þær tekjur? Það þarf ekki að leggja aðra hraðbraut frá Reykjavík til Keflavíkur.




LITLI TÓNSPROTINN

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

LAU 4. MAÍ 14:00

ÖRFÁ SÆTI LAUS

STRÁKURINN OG SLIKKERÍIÐ

BRYNHILDUR GUÐJÓNSDÓTTIR OG UNNSTEINN MANUEL



**Noam Aviel** hljómsveitarstjóri
**Brynhildur Guðjónsdóttir** söngvari
**Unnsteinn Manuel Stefánsson** söngvari
**Stúlknakór Reykjavíkur**
**Quentin Blake** myndir

**Jóhann G. Jóhannsson**
**Strákurinn og slikkeríið tónlistarævintýri byggt á sögu eftir Roald Dahl**

ROALD DAHL 100

Strákurinn og slikkeríið er nýtt tónlistarævintýri eftir Jóhann G. Jóhannsson sem byggt er á sögu eftir Roald Dahl. Jóhann G. samdi tónlistina við Skilaboðaskjóðuna og færði lög Astrid Lindgren í hljómsveitarbúning á fádæma vinsælum tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar síðastliðið haust.

Í Stráknum og slikkeríinu sláumst við í för með litlum dreng og þremur kostulegum vinum hans úr dýraríkinu: gíraffa, pelíkana og apa. Í grípandi sönglögum og litríkum ljóðum bregða söngvararnir sér í líki sögupersónanna. Andi Roalds Dahl svífur yfir vötnum með kímni, spennu og óvæntum vendingum allt til enda.

Í tónlistarævintýrinu taka Brynhildur Guðjónsdóttir og Unnsteinn Manuel höndum saman ásamt Stúlknakór Reykjavíkur og hjálpast að við leysa vandamál og láta drauma rætast.

TRYGGÐU FJÖLSKYLDUNNI SÆTI SINFONIA.IS

Miðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50

@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:
GAMMA

FRÉTTABLAÐIÐ
SPORT

# Árbæingar með spennandi lið

Pepsi Max-deild kvenna hefst á morgun með fjórum leikjum. Fréttablaðið spáir í spilin og tekur nú fyrir liðin sem verða um miðja deild. Erfitt verkefni fram undan í Garðabænum en Árbæingar hafa litið vel út.

**FÓTBOLTI** Leikar hefjast í Pepsi Max-deild kvenna í knattspyrnu á morgun en þá fara fram fjórir leikir. Þá spila ÍBV og Breiðablik, Stjarnan og Selfoss, HK/Víkingur og KR og Fylkir og Keflavík. Umferðinni lýkur svo með leik Vals og Þórs/KA á föstudaginn.

Fréttablaðið fjallaði um það í umfjöllun sinni í gær hvaða lið falla samkvæmt spá blaðsins niður í næstefstu deild næsta haust. Nú er komið að þeim fjórum liðum sem munu sigla lygnan sjó og verða um miðja deild.

Daði Rafnsson, sérfræðingur Fréttablaðsins um deildina, hefur þetta að segja um liðin sem munu ekki falla og ná ekki að blanda sér af fullum þunga í toppbaráttu deildarinnar í sumar.

**4. ÍBV:** Eyjaliðið hefur vissulega misst marga leikmenn og enn er óvissa um það hvernig þau skörð verða fyllt í sumar. Jón Óli Daníelsson er tekinn við liðinu á nýjan leik og hann þekkir styrkleika deildarinnar. Hann er vanur þeirri stöðu að þurfa að búa til lið með öflugum erlendum leikmönnum. ÍBV mun stilla upp sterku liði sem getur staðið uppi í hárinu á bestu liðum deildarinnar og verður í námunda við liðin sem munu raða sér í toppsætin. Cloé Lacasse er frábær framherji sem skorar alltaf sín mörk og Sigríður Lára Garðarsdóttir er öflug inni á miðsvæðinu. Jón Óli mun svo púsla í kringum máttarstólpana góðum leikmönnum sem munu pluma sig vel.

**5. Stjarnan:** Það eru mjög breyttar forsendur hjá Garðabæjarliðinu í sumar frá því í fyrra. Stjarnan hefur misst nánast allt byrjunarliðið sitt frá síðasta keppnistímabili annaðhvort í önnur lið eða í meiðsli. Þeir leikmenn sem hafa komið til liðs við Stjörnuna í vetur eru ekki í sama gæðaflokki og þeir sem fóru. Þó svo að Kristján Guðmundsson sé vissulega klókur og taktískt góður þjálfari þá mun hann ekki ná að blanda liðinu í toppbaráttuna. Þetta verður tímabil þar sem liðið þarf að fara í fyrsta fasa um að byggja upp öflugt lið fyrir næstu árin.



Fylkiskonur mæta fullar sjálfstrausts til leiks eftir stutta dvöl í Inkasso-deildinni á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**»** **Ellefu ár eru liðin síðan Stjarnan var ekki meðal efstu fjögurra liða deildarinnar í lok tímabilsins.**

**6. KR:** Mér fannst Bojana Besic gera frábæra hluti með því að halda liðinu í efstu deild síðasta haust. Ég hefði viljað sjá félagið verðlauna hana fyrir þá frammistöðu með því að gera henni kleift að fá til sín sterkari leikmenn. Vesturbæingar bættu reyndar við sig Guðmundu Brynju [Óladóttur] sem getur gert góða hluti í framlínu liðsins og hresst upp á sóknarleik liðsins. Það vantaði svolítið öflugan markaskorara í liðið í fyrra og Guðmunda gæti gert bragarbót á því. Katrín Ómarsdóttir og Betsy Hassett eru frábærir leikmenn og þær einar og sér sjá til þess að liðið fær nógu mörg stig til þess að falla ekki. Það gæti haft slæm áhrif á liðið að Hassett fer til þess að leika með Nýja-Sjálandi á heimsmeistaramótinu um mitt sumar en það verður ekki mjög langur tími.

**7. Fylkir:** Árbæingar hafa á að skipa spennandi og skemmtilegu liði sem ég tel að muni ekki falla aftur niður í næstefstu deild. Kjartan Stefánsson, þjálfari liðsins, hefur þjálfað flesta leikmenn liðsins lengi og liðið er með góðan kjarna sem hefur spilað lengi saman. Leikskipulag liðsins er gott og leikmenn þekkja sín hlutverk mjög vel. Liðinu hefur gengið vel í B-deild Lengjubikarsins og hefur náð góðum úrslitum gegn þeim liðum sem verða í sætunum í kringum liðið í sumar. Liðið er ekki nógu sterkt til þess að færa sig í efri helming deildarinnar en mun að sama skapi ekki sogast í harða fallbaráttu að mínu mati. Fólk ætti að fylgjast vel með Ídu Marín Hermannsdóttur og Bryndísi Örnu Níelsdóttur sem eru mjög spennandi leikmenn. Ída Marín er kraftmikill miðvallarleikmaður á meðan Bryndís Arna er mikill markaskorari.

**hjorvaro@frettabladid.is**

## Nýjast

**Olís-deild karla**
*Undanúrslit*

**Haukar - ÍBV 35-31**

**Haukar:** Adam Haukur Baumruk 10, Daníel Þór Ingason 7, Brynjólfur Snær Brynjólfsson 6, Heimir Óli Heimisson 4, Atli Már Báruson 4, Orri Freyr Þorkelsson 2, Tjörvi Þorgeirsson 1, Ásgeir Örn Hallgrímsson 1.

**ÍBV:** Hákon Daði Styrmisson 9, Kristján Örn Kristjánsson 7, Sigurbergur Sveinsson 4, Fannar Þór Friðgeirsson 3, Kári Kristján Kristjánsson 2, Gabríel Martinez Róbertsson 2, Elliði Snær Viðarsson 1, Dagur Arnarsson 1, Róbert Sigurðarson 1, Daníel Örn Griffin 1.

*Staðan í einvíginu er 1-0 fyrir Hauka. Vinna þarf þrjá leiki til að komast áfram.*

*Leikur Selfoss og Vals stóð enn yfir þegar Fréttablaðið fór í prentun en upplýsingar um úrslit leiksins má lesa á vef Fréttablaðsins.*

**Meistaradeild Evrópu**
*Undanúrslit*

**Tottenham - Ajax 0-1**

0-1 Donny van de Beek (15.)

Þetta var fyrri leikur liðanna. Seinni leikurinn fer fram í Hollandi þann 8. maí.

## Mætast í fyrsta sinn í tólf ár

**FÓTBOLTI** Liverpool og Barcelona mætast í fyrri leik liðanna í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu á Nývangi í kvöld. Þetta er í fyrsta sinn í tólf ár sem þessi lið mætast. Þá fór Liverpool áfram á útivallarmörkum þrátt fyrir 1-0 sigur Börsunga á Anfield þar sem Eiður Smári skoraði eina mark leiksins.



Lionel Messi hefur mætt sex enskum liðum og, til þessa, hefur hann náð að skora gegn þeim öllum nema Liverpool. **– kpt**

heimili
fasteignasala
á traustum grunni

FÁLKAHÖFÐI 4
132,2 $m^2$

OPIÐ HÚS Í DAG (01.05) KL. 13:00 – 13:30.



Glæsileg íbúð
3ja herb.
Bílskúr
54.9 millj.
Brynjólfur 896 2953

Grensásvegur 3 • 108 Reykjavík • Sími 530 5600
FÉLAG FASTEIGNASALA

# Stoltur að fá þetta tækifæri hjá KSÍ

**FÓTBOLTI** Það var staðfest í gær að Arnar Þór Viðarsson yrði yfirmaður knattspyrnumála hjá KSÍ. Hafnfirðingurinn sem lék á sínum tíma 52 leiki fyrir A-landsliðið mun sinna því starfi ásamt því að stýra U21 liði karla með Eiði Smára Guðjohnsen. Arnar skrifaði undir til tveggja ára.

„Ég er alveg svakalega spenntur og á sama tíma stoltur að fá þetta tækifæri. Ég tók við U21 árs liðinu í byrjun árs og þetta er búið að vera í þróun síðan þá. Ég var ekkert á heimleið, búinn að vera í einhver tuttugu ár erlendis og var farinn að taka að mér að njósnastörf fyrir A-landsliðið en þetta hefur þróast ansi hratt. Ætli það séu ekki örlögin að ég sé kominn aftur heim og ég get ekki beðið eftir því að takast á við þetta,“ segir Arnar í samtali við Fréttablaðið.

Arnar kemur í nýtt stöðugildi og fær því að móta starfið.

„Það er spennandi. Við eigum eftir að keyra nokkrum sinnum á vegg og gera mistök sem við munum læra af. Ég kem með mína reynslu að utan þar sem ég var leikmaður, þjálfari, aðstoðarþjálfari og yngri flokka þjálfari og fékk að móta stefnu



Arnar Þór kvaðst spenntur fyrir nýju hlutverki hjá KSÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Lokeren í þessu málum,“ segir Arnar og heldur áfram:

„Yngri flokkar í atvinnumennsku eru eins og yngri flokkar á Íslandi, þetta snýst um að veita þeim sem best umhverfi. Því eldri og betri sem leikmenn verða, þar stækkar afreksstarfið og þar er þörfin á hvað mestri vinnu. Grasrótin er stór á Íslandi en það þarf að veita framúrskarandi unglingum tækifæri til að æfa við hinar bestu aðstæður.“

Arnar tók þó fyrir að KSÍ væri með inngrip í félögin. Þess í stað væri KSÍ til að aðstoða.

„Sú krafa sem við erum með er að það séu yfirþjálfarar en við erum ekki að fara að þröngva okkur upp á félög. Við munum veita þeim aðstoð, jafnvel hjálp en ef félögin afþakka það þá verður það bara svo. Það er og verður undir félögunum komið að skapa landsliðsmenn framtíðarinnar og KSÍ að hjálpa.“ **– kpt**


KRÓNAN
Í alvöru!
TAKK fyrir kuðunginn!
Við erum mjög þakklát fyrir viðurkenningu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins á framlagi okkar til umhverfismála.
Verðlaunin eru okkur mikil hvatning í að halda ótrauð áfram að sýna samfélagslega ábyrgð í verki. Umhverfismál, lýðheilsa og upplýst val skipta okkur máli... í alvöru!
Hvað höfum við gert og hvað eigum við að gera næst? kronan.is/ialvoru
UMHVERFISVIÐURKENNING 2018
UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ
Opið í dag í öllum Krónuverslunum, sjá afgreiðslutíma á www.kronan.is



**Einar Magnússon**

lést 10. apríl síðastliðinn á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ. Útförin hefur farið fram.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Guðmundur Ólason**



Elsku eiginkona mín og móðir okkar,

**Engilbjört Auðunsdóttir**

verður jarðsungin frá Neskirkju í Reykjavík fimmtudaginn 2. maí klukkan 15.

**Ólafur Teitur Guðnason**
**Guðni Þór Ólafsson**
**Kári Freyr Ólafsson**



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, systir, amma og langamma,

**Lilja Guðrún Sigurðardóttir**
Þorfinnsgötu 2,

lést miðvikudaginn 24. apríl á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útför hennar fer fram frá Neskirkju miðvikudaginn 8. maí kl. 13. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Alzheimer samtökin, kt. 580690-2389, banki 0515-26-24303.

**Steinþór Ingvarsson**
**Sigurður I. Steinþórsson**
**Gunnar Steinþórsson** **Ágústa Valdimarsdóttir**
**Jónas Sigurðarson** **Þóranna Pálsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Sigrún Óskarsdóttir**

lést á Hrafnistu í Reykjavík 16. apríl. Jarðarförin fer fram í Áskirkju, föstudaginn 10. maí klukkan 13.

**Ágúst Óskar Sigurðsson** **Anna María Úlfarsdóttir**
**Anna Þórdís Sigurðardóttir** **Rainer Lischetzki**
**Edda Björk Sigurðardóttir** **Jón Ármann Guðjónsson**
**og barnabörn.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð við andlát og útför

**Matthíasar Geirs Guðjónssonar**

**Sólveig Arnfríður Sigurjónsdóttir**
**Páll Matthíasson** **Ólöf Ragnheiður Björnsdóttir**
**Margrét Björnsdóttir** **Guðmundur Hallgrímsson**
**og barnabörn.**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Svava Árný Jónsdóttir**
Baðsvöllum 7, Grindavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut laugardaginn 20. apríl. Útförin fer fram frá Grindavíkurkirkju föstudaginn 3. maí kl. 14.00. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á slysavarnadeildina Þórkötlu.

**Benóný Þórhallsson**
**Þórhallur Ágúst Benónýsson**
**Sigríður Fjóla Benónýsdóttir** **Hólmar Már Gunnlaugsson**
**Berglind Benónýsdóttir** **Ómar Davíð Ólafsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma og langamma,

**Vigdís Guðfinnsdóttir**

lést á Hrafnistu í Reykjavík föstudaginn 26. apríl. Útförin fer fram frá Fella- og Hólakirkju fimmtudaginn 9. maí kl. 15.

**Marta Loftsdóttir** **Gunnar Jóhannsson**
**Svava Loftsdóttir** **Ásmundur Kristinsson**
**Pétur Guðfinnsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskuleg móðir okkar, amma og langamma,

**Guðríður Kristjánsdóttir**
frá Syðra-Skógarnesi,

lést í Brákarhlíð, Borgarnesi, föstudaginn 26. apríl. Jarðarför verður auglýst síðar.

**Kristín S. Traustadóttir** **Hallgrímur Sigurðsson**
**Sigríður Ólafsdóttir**
**Hallfríður Traustadóttir** **Sigurþór Ólafsson**
**Elva Traustadóttir** **Georg Óskarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Elsa G. Þorsteinsdóttir**
Ketilsstöðum,

lést föstudaginn 26. apríl. Jarðsungið verður frá Egilsstaðakirkju laugardaginn 4. maí kl. 14.00.

**Halldóra Jónsdóttir** **Birgir Sigfússon**
**Bergur Jónsson** **Olil Amble**
**Ragnheiður Jónsdóttir**
**Steinunn Jónsdóttir** **Einar Valur Oddsson**
**barnabörn, langömmubörn og aðrir aðstandendur.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigurbjörg Guðvarðardóttir**

verður jarðsungin frá Kópavogskirkju föstudaginn 3. maí kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar eru góðfúslega beðnir um að láta hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð í Kópavogi njóta þess.

**Málfríður Magnúsdóttir**
**Ingólfur Magnússon** **Ástríður Hartmannsdóttir**
**Magnea Magnúsdóttir** **Friðrik Sigurðsson**
**barnabörn, barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Magdalena M. Benediktsdóttir Wood**
Hlévangi, Reykjanesbæ, áður Jacksonville, Florida,

lést á heimili sínu síðastliðinn fimmtudag. Útför hennar fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju fimmtudaginn 2. maí kl. 13.00.

**Svava Tyrfingsdóttir** **Jóhann G. Jóhannsson**
**Tyrfingur Tyrfingsson** **María Einisdóttir**
**Colleen Wood Schindler** **Pete Schindler**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055.



Ástkær móðir okkar, tengdamamma, amma, langamma og langalangamma,

**Ragnheiður Guðmundsdóttir**
íbúi á Kirkjuhvoli, Hvolsvelli, áður Kotmúla í Fljótshlíð,

lést á dvalarheimilinu Kirkjuhvoli fimmtudaginn 25. apríl 2019. Útför fer fram frá Breiðabólstaðarkirkju í Fljótshlíð laugardaginn 4. maí kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á dvalarheimilið Kirkjuhvol.

**Sigríður I. Magnúsdóttir** **Jón Þ. Óskarsson**
**Guðmundur Magnússon** **Helga Pálsdóttir**
**Einar Magnússon** **Benedikta Steingrímsdóttir**
**Hanna Magnúsdóttir** **Bjarni S. Hjálmtýsson**
**og fjölskyldur.**



Okkar ástkæra

**Steingerður Sigurðardóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Grund 24. apríl. Útför hennar fer fram frá Hjallakirkju í Kópavogi föstudaginn 3. maí klukkan 13. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Minningarsjóð Þorbjörns Hauks Liljarssonar, Öruggt skjól, 0370-13-907273, kt. 010955-2979.

**Fyrir hönd ástvina,**
**Svana H. Stefánsdóttir**
**Linda Sif Sigurðardóttir**



Ástkær bróðir okkar og frændi,

**Árni Jóhannesson**
viðskiptafræðingur,
Bakkastíg 5, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut miðvikudaginn 24. apríl. Útförin mun fara fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Hörður Jóhannsson**
**Valgerður Jóhannesdóttir**
**Jóhanna Sóley Jóhannesdóttir**
**Anna Sólrún Jóhannesdóttir**
**og systkinabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Brynja Edda Jóhannesdóttir Jensen**
fyrrum húsfreyja á Rauðavík á Árskógsströnd,

lést 23. apríl síðastliðinn á Hrafnistu í Reykjavík. Jarðsett verður frá Stærri-Árskógskirkju laugardaginn 4. maí kl. 11.00.

**Valgerður Sólrún Sigfúsdóttir** **Sveinn Gunnlaugsson**
**Hjalti Örn Sigfússon** **Aðalheiður Helgadóttir**
**Jóhannes Sigfússon** **Katrín Steinsdóttir**
**Brynjar Haukur Sigfússon** **Svanhildur Sigfúsdóttir**
**Aðalsteinn Svanur Sigfússon** **Signý Sigurðardóttir**
**Aðalheiður Ósk Sigfúsdóttir** **Lúðvík Áskelsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Ingeburg Guðmundsson**
Hrafnistu, Hafnarfirði, áður til heimilis að Austurvegi 16, Grindavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Hrafnistu, Hafnarfirði, sunnudaginn 28. apríl. Útför hennar fer fram frá Grindavíkurkirkju mánudaginn 13. maí kl. 14.

**Guðmundur Karl Tómasson** **Kristrún Bragadóttir**
**Haraldur Tómasson** **Guðný Birna Sæmundsdóttir**
**Róbert Tómasson** **Linda B. Guðmundsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**


4BLS
KIPPA ÚT :)
20.000
Afsláttur
Af öllum
OnePlus 6T
símum
NEVER SETTLE
RÝMINGARSALA
Meðan birgðir endast
Allt að
80.000
Afsláttur
Af fartölvum
1. maí 2019 • Útsölutilboð gilda 2-31. maí eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
SUMAR
ÚTSALA
TÖLVUTEKS HEFST
10:00
Á MORGUN
KAUPIR NÚNA - GREIÐIR 1. ÁGÚST 2019 • Fyrir upphæð allt að 350.000 •
SUMARGREITT
2.95% lántökugjald og greiðslu- og tilkynningargjald kr. 195
Allt að
90%
Afsláttur
Af yfir 1000 vörum
TÖLVUTEK
SUMAR ÚTSALA
OPNUM 2.MAÍ
KL. 10:00
Fyrstir koma
fyrstir fá;)
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

# SUMAR ÚTS

## RÝMINGARSALA • YFIR 1000 TÖLVU




**PRIMO 4400mAh**
Ferðarafhlaða í 3 litum með allt að 18 tíma hleðslu fyrir síma og innbyggt vasaljós
**748**
VERÐ ÁÐUR 2.990

**LENOVO YOGA N23**
Fullkomin í fríið með 11.6" 360° snertiskjá, vökvaþolið lyklaborð höggvörn og fallvörn!
**29.994**
VERÐ ÁÐUR 49.990

**RETRO LEIKJATÖLVA**
Stórskemmtileg Retro leikjatölva með þráðlausum stýripinna, tengist í HDMI
**2.994**
VERÐ ÁÐUR 4.990




**SONY VR GLERAUGU**
Playstation VR sýndarveruleikapakki fyrir allar PS4 leikjatölvur
**29.990**
VERÐ ÁÐUR 39.990

**TRUST LEIKJASETT**
Trust leikjaheyrnartól, 4800 DPI leikjamús og flott músarmotta
**3.995**
VERÐ ÁÐUR 7.990

**24" ACER LEIKJASKJÁR**
Acer 144Hz FreeSync leikjaskjár með 1ms viðbragðstíma
**29.592**
VERÐ ÁÐUR 36.990




TÖLVUTEK Sumar útsala aðeins í Maí 2019 • Tölvutek | Reykjav

# Fólk

## Heimili

MIÐVIKUDAGUR 1. MAÍ 2019



Jóhann Helgi Sveinsson hefur á sér orð fyrir að vera verndari Breiðholtsins sem hann segir allra besta hverfið í borginni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Heima í Breiðholti er best

Jóhann Helgi Sveinsson er ungur Breiðhyltingur með hjartað á réttum stað. Hann býður nágrönnum sínum í kaffi og rúllutertu á götum úti og segir mikilvægt að brosa og sýna náungakærleik í verki enda séum við öll jöfn. →2

Doktor.is
• Fræðsla
• Ráðgjöf
• Forvarnir


Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Framhald af forsíðu

Að þora ekki upp í Breiðholt af ótta við að mæta þar glæpagengjum og óþjóðalýð er akkúrat hugsunarhátturinn sem ég og vinir mínir úr hverfinu erum á móti. Hér eru vissulega þröngar og dimmar götur en lífið hefur kennt manni að flestir vilja vel. Hverfið er því ekkert verra né hættulegra en önnur hverfi,“ segir Jóhann Helgi Sveinsson sem hrundið hefur af stað kærleiksbylgju meðal Breiðhyltinga sem og vitundarvakningu til að spyrna við fótum gegn neikvæðri umfjöllun um Breiðholtið sem trónir eins og kóróna í hæðum Reykjavíkur með sín margfrægu háhýsi og fjölþjóðlega mannlíf.

„Hugmyndin kviknaði í kjölfar endalauss fréttaflutnings þar sem sífellt var varpað skugga á Breiðholtið og hverfið var sérstaklega nafnbirt, meira að segja í tilvikum þar sem slíkt var helber óþarfi. Ég fann því fyrir löngun til að varpa ljósi á jákvæðar hliðar Breiðholtsins og í framhaldinu byrjuðum við vinirnir að ganga um hverfið á kvöldin og birta myndir af því á samfélagsmiðlum okkur til skemmtunar en líka til þess að sýna fram á að það sé almennt lítið um tilefnislausa glæpi hér á förnum vegi,“ segir Jóhann, sem er fæddur og uppalinn í Hólahverfi Efra-Breiðholts en hann bjó um tíma í Danmörku.

„Efra-Breiðholt er einfaldlega besta hverfið í borginni og ég vildi hvergi annars staðar búa. Hér eignast maður vini fyrir lífstíð og ég get ekki beðið eftir að verða hér gamall maður. Að byrja dagana í pottinum í Breiðholtslaug með sömu mönnum og ég byrjaði dagana með í Hólabrekkuskóla þegar við vorum litlir.“



Efra-Breiðholt er sjónrænt en sumum stendur stuggur af hverfinu og óttast það. Jóhann Helgi vill sýna þess rétta andlit. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Sprell sem vatt upp á sig

Jóhann hefur vakið athygli og aðdáun Breiðhyltinga fyrir framlag sitt til enn betri heimahaga. Hann hefur meðal annars dúkað upp borð í alfaraleið til að bjóða hverfisbúum upp á heita súpu, kaffi og rúllutertu á göngu þeirra um hverfið, staðið fyrir foreldrarölti um dimma stíga næturinnar með vinum og málað yfir veggjakrot til að fegra ásýnd hverfisins, eins og myndir á samfélagsmiðlum hafa sýnt.

„Við erum samheldinn hópur gamalla vina héðan úr hverfinu og höfum tekið upp á ýmsu með það fyrir augum að vekja athygli á jákvæðum viðburðum sem eiga sér stað í hverfinu. Vissulega höfum við mjög gaman af og þetta er því ekki eingöngu grafalvarlegt verkefni. Okkur strákunum þykir gaman að slá þessu upp í grín og að fólk hafi gaman af slíkri nálgun,“ útskýrir Jóhann en þeir félagar hafa löngum haft gaman af alls konar flippi og skemmtilegum uppátækjum.

„Því verður að segjast eins og er að við máluðum ekki vegginn í alvöru, enda væri slíkt jafn mikið lögbrot og að graffa á vegginn til að byrja með. Með myndinni vildum við vekja athygli íbúa á því að víða væri kominn tími til að skella sér í málningargallann og mála yfir krassið. Það gerir svo mikið að hafa fínt í kringum sig og ef fólk gæfi okkur leyfi værum við vinirnir meira en til í að ganga í málningarverkið, ef svo bæri við,“ segir Jóhann kátur.

„Uppátæki okkar hófst sem létt skemmtun en hefur undið upp á sig í ótrúlega gefandi og uppbyggilegt verkefni sem við njótum til fulls. Breiðholtið er að vissu marki misskilið hverfi en þar eiga fordómar stóran þátt. Fólk les ef til vill frétt um að lögreglan hafi haft afskipti af Breiðholtinu og þá er hverfið og íbúar þess dæmt með það sama. Hér var hins vegar gott að alast upp og hér er gott að vera.“

Þeim vinum þykir einkar gaman að skella sér í foreldrarölt á kvöldin og um helgar.

„Foreldraröltið varð til þegar við vorum á leið í partí annars staðar í hverfinu. Á sama tíma vorum við farnir að líta í kringum okkur til að athuga hvort það væru nokkuð unglingar að vandræðast á svæðinu. Ætli það þýði ekki að ellin sé farin að segja til sín, en okkur þótti þetta svo skondið að við höfum stundað þetta rölt síðan,“ segir Jóhann broshýr.

## Fær falleg bros að launum

Jóhann Helgi er 26 ára háskólanemi sem þykir fátt skemmtilegra en að leika sér á brimbretti og fylgjast með fótbolta.

„Það er þrennt sem lýsir Breiðhyltingum best: virðing, samheldni og vinsemd. Alþjóðamenningin hefur góð áhrif á hverfið og Breiðhyltingar njóta þeirra forréttinda að kynnast mismunandi menningarheimum. Það er mín skoðun að fjölbreytileikinn geri alla að betri og víðsýnni einstaklingum,“ segir Jóhann sem kannast vel við niðrandi athugasemdir um heimahagana í gegnum tíðina.

„Orðsporið er vissulega enn til staðar; að hér ríki almennur glundroði og stjórnleysi. Ég held það séu ekki endilega fordómar og það býr sennilega ekkert illt að baki – frekar þekkingarleysi,“ segir Jóhann og hvetur þá sem ekki þekkja Breiðholtið til að koma í heimsókn til að upplifa og njóta töfra hverfisins.

„Uppskrift að góðum degi heima í hverfinu mínu er að byrja daginn á heita pottinum í Breiðholtslaug sem er besta sundlaug Reykjavíkur. Á eftir, þegar gengið er út eftir sundið, er tekin vinstri beygja og yfir í Iceland Vesturbergi sem er besta kjörbúð landsins og þótt víðar væri leitað. Þar fæst landsins besta úrval af ís. Sund og ís hljómar mjög næs, sérstaklega ef það er gott veður,“ upplýsir Jóhann sem vill sjá meiri þjónustu fyrir hans kynslóð til að gera frábært hverfi enn betra.

„Til dæmis Mathöll Breiðholt. Mathallir hafa gefið góða raun annars staðar og ég sé því ekkert til fyrirstöðu að slíkt myndi ganga vel í Efra-Breiðholti. Einnig væri gaman að sjá fleiri ísbúðir í Breiðholtinu með fjölbreytt úrval ísrétta,“ segir Jóhann.

Honum þykir gott að gleðja náungann. Viðtökurnar hafa verið gefandi og góðar, og margir kalla hann hverfishetju.

> Hér eignast maður vini fyrir lífstíð og ég get ekki beðið eftir að verða hér gamall maður. Að byrja dagana í heita pottinum í Breiðholtslaug með sömu mönnum og ég byrjaði dagana með í Hólabrekkuskóla þegar við vorum litlir.

„Það er vissulega ákveðinn húmor fólginn í því að vera kallaður verndari Breiðholtsins, og gaman að heyra, en ég vil ekki taka neitt frá fólkinu sem hefur staðið í þessu með mér. Klapp á bakið fá Birkir, Atli minn, Arnar Brynjar, Óli, Katrín, Ási gamli skóli og sjálfur kóngurinn í hverfinu, Egill. Sjálfur er ég engin hetja en vil fyrst og fremst vekja athygli á mikilvægi náungakærleikans og því að brosa til nágranna sinna. Við erum öll jöfn þegar allt kemur til alls og þótt fólk verði iðulega hissa á að mæta mér með mínar velgjörðir í hverfinu fylgir þeirri undrun alltaf fallegt bros.“




**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveig@frettabladid.is s. 550 5762 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 550 5765 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 550 5768

**Útgefandi:** Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir | **Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 1. maí 2019

17. tölublað | 13. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL










FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Þegar Domino's var opnað var talið að markaðurinn myndi bera í mesta lagi tvo eða þrjá pitsustaði.

# Metnaður til að stækka enn frekar

Árið 2011 rak Domino's 14 pitsustaði en þeir voru orðnir 25 í fyrra. Nú er markmiðið að pitsustaðirnir verði 30. Veltan jókst úr 1,7 milljörðum króna árið 2011 í nærri sex milljarða í fyrra. » 6-7



»2

### Fjöldi nýskráninga á vanskilaskrá fer vaxandi

Fjöldi nýrra skráninga á vanskilaskrá hjá fyrirtækjum fer vaxandi. Hlutfallið hefur ekki verið hærra á sex mánaða tímabili undanfarin tvö ár og er nú rúmlega þrjú prósent, að sögn Laufeyjar Jónsdóttur, lögfræðings Creditinfo.

»4

### Telja enga lagastoð fyrir ákvörðun Kauphallarinnar

Hópurinn sem stendur að tilboði sem miðar að afskráningu Heimavalla úr kauphöll er ósáttur við ákvörðun Kauphallarinnar um að hafna afskráningunni og telur að hún eigi sér enga lagastoð. Forstjóri Kauphallarinnar segir skylduna til að vernda minnihluta ríka.

»10

### Nýtt skeið er runnið upp

„Lífskjarasamningurinn og yfirlýsing ríkisstjórnarinnar samhliða gerð hans marka kaflaskil enda eru þeir viðbragð við breyttum aðstæðum," segir Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, í aðsendri grein.




# Þórarinn er með nýjan pitsustað á prjónunum

Þórarinn Ævarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri IKEA, vinnur að því að opna pitsukeðju, samkvæmt heimildum Markaðarins. Hann vildi ekki tjá sig um málið í samtali við blaðið.

Þórarinn kom að stofnun Domino's árið 1993 og veitti fyrirtækinu forystu á árunum 2000 til 2005. Hann hefur því áður byggt upp pitsukeðju og þekkir því vel til rekstrar stærsta keppinautarins ef af verður.



**Þórarinn Ævarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri IKEA, starfaði lengi hjá Domino's.**

Ekki er vitað á hvaða sérleyfi hann hefur augastað. Á meðal fjögurra stærstu pitsukeðja í heimi eru tvær ekki með pitsustað hérlendis, það er Papa John's og Little Cesars. Domino's og Pizza Hut skipa sama lista en keðjurnar eru þegar með starfsemi hér á landi.

Þórarinn sagði nýverið starfi sínu lausu sem framkvæmdastjóri IKEA. Hann gegndi því frá árinu 2006 og var síðasti dagurinn hans í því starfi í gær. Í IKEA er með pitsudeig til sölu sem byggist á sambærilegri uppskrift og Þórarinn notaði hjá Domino's á sínum tíma. **– hvj**

# Verðmat Capacent á Skeljungi lækkar lítillega

Greinendur Capacent hafa lækkað verðmat sitt á Skeljungi um þrjú prósent og meta nú gengi hlutabréfa í olíufélaginu á 8,1 krónu á hlut. Til samanburðar stóð gengi bréfanna í 8,04 krónum á hlut þegar markaðir lokuðu síðdegis í gær.

Lakari sjóðsstaða Skeljungs og breytt rekstrarspá sérfræðinga Capacent fyrir þetta ár skýra lægra verðmat ráðgjafarfyrirtækisins en á móti vegur að hluta lægri fjármagnskostnaður olíufélagsins.

Í verðmati Capacent, sem Markaðurinn hefur undir höndum, er bent á að allt hafi unnið með Skeljungi í fyrra þegar félagið skilaði metafkomu. Olíuverð hafi hækkað auk þess sem umsvif í íslenska hagkerfinu hafi verið mikil og fjöldi ferðamanna í hæstu hæðum.

Greinendur Capacent gera ráð fyrir að EBITDA Skeljungs – afkoma fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta – verði jákvæð um 3.153 milljónir króna í ár en til samanburðar gera áætlanir stjórnenda olíufélagsins ráð fyrir að EBITDA ársins verði á bilinu 3.000 til 3.200 milljónir króna.

Er meðal annars tekið fram í verðmatinu að stjórnendur Skeljungs hafi hagrætt umtalsvert í rekstrinum sem sýni sig meðal annars í því að launakostnaður hafi dregist saman um 130 milljónir króna eða sex prósent í fyrra. Samfara því að framlegð hafi aukist meira en kostnaður hafi rekstrarhagnaður sem hlutfall af framlegð farið úr 24,9 prósentum í 30,4 prósent. **– kij**

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG Torg.,** Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **550 5051**
Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang frettabladid.is






Mesta aukningin í nýskráningum vanskila er hjá fyrirtækjum í bygginga- og mannvirkjagerð. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Fjöldi nýskráninga á vanskilaskrá fer vaxandi

**Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssvið Samtaka atvinnulífsins, segir að þetta sé enn ein vísbending um að verulega sé að hægja á hagkerfinu. Rekstrarumhverfið um þessar mundir er mjög erfitt fyrir mörg fyrirtæki og krónan sterk í sögulegu ljósi.**

Fjöldi nýrra skráninga á vanskilaskrá hjá fyrirtækjum fer vaxandi. Hlutfallið hefur ekki verið hærra á sex mánaða tímabili undanfarin tvö ár og er nú rúmlega þrjú prósent. Þetta segir Laufey Jónsdóttir, lögfræðingur Creditinfo, og vitnar í nýja greiningu fyrirtækisins. Mesta aukningin er hjá fyrirtækjum í bygginga- og mannvirkjagerð og heild- og smásöluverslun.

Hún segir að um sé að ræða vísbendingar um að farið sé að hægja á hagkerfinu og nefnir að hlutfall nýrra skráninga á vanskilaskrá hjá einstaklingum hafi einnig farið vaxandi. „Fjöldi nýskráninga á vanskilaskrá lýsir ástandinu betur en heildarfjöldi fyrirtækja á skrá," segir Laufey.

„Sögulega hefur verið fylgni á milli nýskráninga á vanskilaskrá og efnahagsástandsins hverju sinni," bætir hún við.

Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins, segir að aukin vanskil endurspegli breytta stöðu í efnahagslífinu. „Þetta er enn ein vísbendingin um að farið sé að hægja verulega á hagkerfinu og krefjandi tímar fram undan í rekstri margra fyrirtækja. Efnahagshorfur hafa versnað mjög hratt og ljóst að samdráttur í ferðaþjónustunni hefur víðtæk áhrif á allt efnahagslífið. Þá er líklegt að vanskil muni aukast á næstu mánuðum samfara því sem efnahagsslakinn verður meiri líkt og spár gera ráð fyrir.

**Hár launakostnaður samfara minnkandi hagvexti mun reynast mörgum fyrirtækjum þungbær sem þurfa þá að grípa til hagræðingar.**



Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins

Rekstrarumhverfið um þessar mundir er mjög erfitt fyrir mörg fyrirtæki. Þó krónan hafi gefið lítillega eftir er hún enn mjög sterk í sögulegu samhengi sem kemur niður á samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja sem eru í erlendri samkeppni. Þá hefur launakostnaður hækkað mikið síðustu ár og langt umfram undirliggjandi framleiðni en ytri skilyrði hafa verið hagstæð og mikill hagvöxtur hefur skapað rými til að mæta slíkum launahækkunum. Nú hafa þær forsendur breyst. Hár launakostnaður samfara minnkandi hagvexti mun reynast mörgum fyrirtækjum þungbær sem þurfa þá að grípa til hagræðingar. Þá eru skattar á Íslandi enn háir og lítið svigrúm hefur verið skapað til að draga úr skattheimtu og öðrum opinberum gjöldum," segir hún.

Að því sögðu bendir Ásdís á að viðnámsþróttur hagkerfisins sé sterkari en oft áður við upphaf niðursveiflu. „Skuldastaða einstaklinga, fyrirtækja og hins opinbera er sögulega lág. Síðustu ár hafa skuldir verið greiddar niður og hagkerfið því betur í stakk búið til að takast á við áföll. Þá skiptir ekki síður máli að svigrúm er hjá bæði hinu opinbera og Seðlabankanum til að styðja við þá aðlögun sem er fram undan. Seðlabankinn hefur nú þegar gefið mjög sterklega til kynna að stýrivextir muni lækka á næstunni auk þess sem stjórnvöld geta hæglega skapað rými í ríkisrekstri til að lækka skatta og önnur gjöld. Slíkar aðgerðir eru nauðsynlegar, einkum nú þegar efnahagsforsendur hafa nánast tekið u-beygju á mjög skömmum tíma."

Aukin vanskil eru í nær öllum atvinnugreinum að undanskildum fyrirtækjum í fjármála- og vátryggingastarfsemi. Eins og fram hefur komið er mesta aukning á nýskráningum fyrirtækja á vanskilaskrá hjá fyrirtækjum í byggingarstarfsemi- og mannvirkjagerð eða 4,6 prósent og í heild- og smásöluverslun en þar er hlutfallið 3,6 prósent.

„Mikil fjárfesting hefur verið í byggingarstarfsemi síðustu ár og skuldsetning aukist samhliða. Byggingariðnaðurinn er því kannski viðkvæmari fyrir breyttum rekstrarskilyrðum. Í raun má segja að byggingariðnaðurinn sé að auka verulega framboð fasteigna sem hefur eðlilega þau áhrif að það tekur lengri tíma að selja eignir nú en áður. Á sama tíma eru efnahagsforsendur að breytast hraðar en kannski gert hafði verið ráð fyrir, þannig að heimili og fyrirtæki halda að sér höndum. Framboð er því fyrst nú að aukast en á sama tíma er eftirspurnin minni," segir Ásdís. **helgivifill@frettabladid.is**

# Fá lóðir undir fjölda íbúða í Skerjafirði

Borgarráð samþykkti í liðnum mánuði að veita félagi í eigu meðal annars Hauks Guðmundssonar og Péturs Marteinssonar lóðavilyrði til uppbyggingar á íbúðum fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur í Skerjafirði. Er Kvika banki sagður áhugasamur um að fjármagna verkefnið.

Gert er ráð fyrir því að allt að 72 íbúðir verði reistar á umræddri lóð í Skerjafirði en félagið sem hefur fengið lóðavilyrðið, HOOS, sem er að fullu í eigu Frambúðar, hefur undanfarið átt í viðræðum við fulltrúa Reykjavíkurborgar um uppbygginguna.

Frambúð er að helmingi í eigu Hauks Guðmundssonar fjárfestis en



**Pétur Marteinsson.**

Pétur Marteinsson og Guðmundur Kristján Jónsson fara báðir með fjórðungshlut í félaginu, að því er fram kemur í minnisblaði sem KPMG tók saman að beiðni Reykjavíkurborgar.

Í minnisblaðinu segir jafnframt að Kvika banki, ráðgjafi Frambúðar, sé áhugasamur um að fjármagna framkvæmdina, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, en áætlaður byggingarkostnaður er um 1,6 milljarðar króna.

Við mat á ætluðu eiginfjárframlagi Frambúðar er gert ráð fyrir að allar íbúðir verði afhentar í fyrsta áfanga og að verð fyrir 41 fermetra íbúð verði 28 milljónir króna. Er þannig áætlað heildarsöluverðmæti íbúðanna um tveir milljarðar króna.

Enn fremur kemur fram að Frambúð muni bjóða kaupendum brúarlán fyrir allt að tíu prósentum af kaupverði sem ekki yrði tryggt með veði í eigninni. Á móti mun félagið eiga forkaupsrétt að íbúðum á upprunalegu kaupverði þar til brúarlánið hefur verið greitt. **– kij**




brimborg

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfði 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

volvocars.is

# Draga lagastoð Kauphallarinnar í efa

**Óánægju gætir vegna höfnunar Kauphallarinnar á afskráningu Heimavalla. Tilboðsgjafar telja enga lagastoð fyrir ákvörðuninni. Forstjóri Kauphallarinnar segir skylduna til að vernda minnihluta ríka.**



Lífeyrissjóðurinn Birta mun ekki standa í vegi fyrir afskráningu Heimavalla úr kauphöll. FRÉTTABLAÐIÐ\STEFÁN

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Hópurinn sem stendur að tilboði sem miðar að afskráningu Heimavalla er ósáttur með ákvörðun Kauphallarinnar um að hafna afskráningunni og telur að hún eigi sér enga lagastoð. Forstjóri Kauphallarinnar segir að það grafi undan trúverðugleika hlutabréfamarkaðarins að stilla viðmiðin hér lægra en á samanburðarmörkuðum.

Í byrjun febrúar fóru þrír af stærstu hluthöfum Heimavalla fram á að stjórn íbúðaleigufélagsins boðaði til hluthafafundar þar sem tillaga yrði sett á dagskrá um að taka félagið af hlutabréfamarkaði.

Þá kom fram að fjárfestingarfélagið Sigla og Alfa Framtak fjármögnuðu tilboð í allt að 17,09 prósenta hlut í Heimavöllum fyrir allt að 2,5 milljarða króna. Tilboðsverðið nemur 1,3 krónum á hlut en það rennur út á mánudaginn. Á aðalfundi Heimavalla í mars var tillagan tekin fyrir. Hún var samþykkt af 81,3 prósentum þeirra hluthafa sem tóku afstöðu á fundinum en 18,7 prósent þeirra hluthafa sem tóku afstöðu á fundinum voru á móti.

Kauphöllin hafnaði hins vegar beiðni Heimavalla um að taka hlutabréf leigufélagsins úr viðskiptum á Aðalmarkaði. Að mati Kauphallarinnar mun afskráning valda hluthöfum verulegu tjóni og það getur dregið úr trúverðugleika markaðarins. Þá vísaði Kauphöllin til þess að rétt tæp 19 prósent af þeim hluthöfum sem tóku afstöðu á aðalfundinum hefðu greitt atkvæði á móti tillögunni.

Haft var eftir Páli Harðarsyni, forstjóra Kauphallarinnar, í Viðskiptablaðinu í síðustu viku að boða þyrfti annan hluthafafund að mati Kauphallarinnar. Þá sagði hann að Kauphöllin horfði til þess að fylgi þyrfti að vera í kringum 90 prósent en þó með fyrirvörum um að hvert og eitt tilfelli væri mismunandi.

Samkvæmt heimildum Markaðarins gætir nokkurrar kergju á meðal þeirra hluthafa Heimavalla sem vilja afskrá félagið vegna framgöngu Kauphallarinnar í þessu máli. Þeir furða sig á því að Kauphöllin vísi til þess að 18 prósent þeirra sem tóku afstöðu á fundinum hafi kosið gegn tillögunni. Af heildarhlutafé Heimavalla nemi atkvæðaréttur þeirra 11 prósentum. Þannig hafi 89 prósent ýmist kosið með tillögunni eða setið hjá.

**Verðþróun hlutabréfa Heimavalla frá skráningu**




Þá telur sá hópur sem stendur að tilboðinu að Kauphöllin sé ekki í lagalegum rétti til að hafna afskráningunni. Það sé skýrt í lögunum að henni beri að samþykkja slíka beiðni. Til þess að hafna henni þurfi að vera rök fyrir því að afskráningin sé að valda hluthöfum verulegu fjártjóni eða hún muni hafa neikvæð áhrif á trúverðugleika hlutabréfamarkaðarins. Hvorugt eigi við í þessu tilfelli.

Þvert á móti geti ákvörðun Kauphallarinnar valdið hluthöfum skaða með því að leggja í hættu að hluthafar geti selt bréfin á hæsta verði frá skráningu félagsins. Þá telja margir hluthafar samkvæmt heimildum Markaðarins óþarft að bera tillögu um afskráningu félagsins úr kauphöll aftur undir hluthafafund, enda hafi yfirgnæfandi meirihluti nú þegar samþykkt afskráninguna.

**Vilja ekki stilla viðmið lægra**

Páll Harðarson segir í samtali við Markaðinn að Kauphöllinni beri rík skylda til að horfa til minnihlutaverndar. „Við erum með þessu að styðjast við álíka viðmið og aðrar Nasdaq-kauphallir sem starfa í sams konar regluumhverfi og við. Við ráðfærðum okkur við okkar kollega og fórum vel yfir þau viðmið sem gilda við svona ákvarðanir og okkar niðurstaða var sú að þetta ferli sem hér er boðið upp á hefði ekki verið samþykkt af öðrum kauphöllum Nasdaq og ekki í öðrum Norðurlandakauphöllum.“

Páll spyr hvort stilla eigi viðmiðin lægra á Íslandi en í nágrannaríkjum hvað þetta varðar. „Eigum við að setja minnihlutaverndinni meiri takmarkanir hér á landi heldur en í öðrum löndum sem við viljum bera okkur saman við? Okkar niðurstaða var sú að það væri mjög slæmt upp á trúverðugleika markaðarins að gera það.“

**Birta sat hjá**

Lífeyrissjóðurinn Birta er langsamlega stærsti lífeyrissjóðurinn í hluthafahópi Heimavalla með 5,8 prósenta hlut. Birta sat hjá í atkvæðagreiðslunni á aðalfundi Heimavalla að sögn Ólafs Sigurðssonar, framkvæmdastjóra sjóðsins.

„Við vorum ekki sátt við tillöguna um afskráningu félagsins þar sem við hefðum viljað sjá það lengur á markaði,“ segir Ólafur í samtali við Markaðinn. Hann segir að Birta hafi ekki viljað taka afstöðu án þess að vera viss um fylgi hluthafa við tillöguna. Nú sé ljóst að mikill meirihluti sé henni fylgjandi og því muni sjóðurinn ekki standa í vegi fyrir afskráningu.

„Ef boðað verður til hluthafafundar þá getur vel verið að við tökum afgerandi afstöðu og mér finnst líklegra að afstaðan verði með afskráningu.“





Dugnaðarforkurinn Sprinter frá Mercedes-Benz.

Hörkuduglegur og traustur Sprinter vill komast í krefjandi verkefni. Getur hafið störf strax. Hagstætt rekstrarleiguverð í boði.

Sprinter sendibíll

Verð frá 6.200.000 kr. með vsk.

Rekstrarleiga frá 147.300 kr. með vsk. á mánuði

mercedes-benz.is/vans

Mercedes-Benz
Vans. Born to run.

ASKJA ATVINNUBÍLAR · Fosshálsi 1 · 110 Reykjavík · Sími 590 2120 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi


ICELANDAIR OG COCA COLA LIGHT TASTE
KYNNA MEÐ STOLTI
DÍVUR
14. SEPTEMBER Í ELDBORG HÖRPU
KVÖLDTÓNLEIKAR:
ÖRFÁIR MIÐAR EFTIR
DAGTÓNLEIKAR:
FÁIR MIÐAR EFTIR
SVALA & JÓHANNA GUÐRÚN
DÍSELLA · FRIÐRIK ÓMAR · KATRÍN HALLDÓRA
RAGGA GRÖNDAL · SIGGA BEINTEINS
GÍTAR OG HLJÓMSVEITARSTJÓRN DAVÍÐ SIGURGEIRSSON TROMPET ARI BRAGI KÁRASON HLJÓMBORÐ HALLDÓR SMÁRASON HLJÓMBORÐ INGVAR ALFREÐSSON GÍTAR RÖGNVALDUR BORGÞÓRSSON
SAXAFÓNN STEINAR SIGURÐARSON BASSI VALDIMAR OLGEIRSSON TROMMUR ÞORVALDUR ÞÓR ÞORVALDSSON BAKRADDIR ANNA SIGRÍÐUR SNORRADÓTTIR ARNAR JÓNSSON RAKEL PÁLSDÓTTIR
GOSPELKÓR JÓNS VÍDALÍNS UNDIR STJÓRN DAVÍÐS SIGURGEIRSSONAR OG JÓHÖNNU GUÐRÚNAR STRENGJASVEIT UNDIR STJÓRN GEIRÞRÚÐAR ÁSU GUÐJÓNSDÓTTUR LEIKSTJÓRI SELMA BJÖRNSDÓTTIR
light taste Coca-Cola
ICELANDAIR
MIÐASALA FER FRAM Á HARPA.IS/DIVUR OG Í SÍMA 528-5050
NÁNARI UPPLÝSINGAR: SENALIVE.IS/DIVUR
sena LIVE!



Birgir Örn segir að nýir kjarasamningar verði mikil áskorun fyrir framleiðslu- og veitingafyrirtæki. „Margir félaga minna eru áhyggjufullir," segir hann. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Kaupa nærri tíu prósent af öllum osti

**Birgir Örn Birgisson, forstjóri Domino's, starfaði erlendis frá 1997 til 2010 hjá hratt vaxandi fyrirtæki og var þar vanur „harkinu". „Marga skorti reynsluna til að takast á við eftirmál hrunsins en segja má að ég hafði verið í slíkri þjálfun í 13 ár," segir hann.**

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is

Við teljum mikilvægt að kaupa íslenskar afurðir og vera virkir þátttakendur í hagkerfinu, sem dæmi kaupir Domino's um átta til níu prósent af öllum osti á Íslandi. Til að anna þeirri eftirspurn eru rúmlega þúsund kýr sem mjólka einungis fyrir okkur. Segja má að allar kýr á Austurlandi starfi fyrir Domino's við að búa til ost. Það eru því mun fleiri kýr sem vinna fyrir okkur en mannfólk," segir Birgir Örn Birgisson, forstjóri Domino's á Íslandi.

Hjá fyrirtækinu starfa um 800 manns, margir í hlutastörfum og sumir taka eina vakt í viku, en stöðugildin eru um 300.

„Við erum sömuleiðis langstærsti kaupandinn að pepperónii á Íslandi, við kaupum 40-50 prósent af öllu pepperónii á markaðnum, að smásölu meðtalinni," segir hann og skýtur því að að Domino's sé jafnframt eitt af stærstu bakaríum landsins því allt deigið sé búið til í höfuðstöðvum fyrirtækisins í Breiðholti.

Birgir Örn og frændi hans, Birgir Þór Bieltvedt, ásamt Högna Sigurðssyni keyptu Domino's á Íslandi árið 2011 fyrir 560 milljónir króna að meðtöldum vaxtaberandi skuldum og seldu fyrir 8,4 milljarða króna í tveimur hlutum á árunum 2016 og 2017.

„Það var ekki hægt að sjá það fyrir, að okkur myndi takast að auka tekjurnar úr 1,7 milljörðum króna frá því við keyptum fyrirtækið, í nærri sex milljarða króna á síðasta ári. Við erum stolt af því að hagnaður fyrir fjármagnsliði og afskriftir, það er EBITDA, jókst á sama tíma úr 70 milljónum króna í um 750 milljónir króna. Pitsustaðirnir voru 14 árið 2011 en á 25 ára afmælinu í fyrra voru þeir 25," segir Birgir Örn.

„Við kaupin settum við okkur metnaðarfull markmið en það er fjarri lagi að við stefndum að þessum árangri."

*Hvernig stendur á þessum mikla vexti?*

„Það eru margir samverkandi hlutir. Við bættum mikið gæðin og þjónustu þegar við tókum við 2011. Við erum pitsufyrirtæki þjóðarinnar og leggjum mikið til samfélagsins. Styrkjum flest íþróttafélög, leggjum skólum og skólafélögum lið og alls konar góðgerðarmálum eins og Bataskólanum, Minningarsjóði Einars Darra og Konukoti. Að auki erum við helsti styrkaraðili körfuboltans á Íslandi. Við leggjum milli 40 og 50 milljónir á ári í svona málefni. Allt telur þetta í jákvæðu viðhorfi og meðbyr.

Þá ríkir keppnisandi á meðal allra starfsmanna, það vinna allir hörðum höndum að því að toppa til dæmis síðustu Megaviku. Okkur hefur ætíð tekist að bæta okkur, síðast féllu níu met. Starfsmennirnir eru stoltir af því og við fögnum saman eftir törnina. Hér ríkir góður liðsandi."

## Mikil markaðshlutdeild

*Hver er markaðshlutdeild Domino's?*

„Við lítum svo á að Domino's sé í samkeppni við allan skyndibita. Ef pitsa er keypt í matinn er viðkomandi ekki að fara að kaupa kjúkling. Við keppum til að mynda við smásala eins og Krónuna sem bjóða mikið af tilbúnum réttum og Eldum rétt því þar er kvöldverður fjölskyldna skipulagður út vikuna og þau taka þar með viðskipti frá okkur. Samkeppnin er gríðarleg.

Við erum með um 30 prósenta markaðshlutdeild í skyndibita og 65-70 prósent í pitsum en þá er einungis miðað við tíu stærstu fyrirtækin. Það er nefnilega ekki hægt að rýna í allan markaðinn.

Árið 2011 þegar við tókum við rekstrinum var markaðshlutdeild Domino's jafn mikil og hjá Subway og KFC. Keðjurnar þrjár voru jafn stórar. Síðan þá hefur KFC vaxið yfir Subway og við yfir báðar keðjurnar. Domino's er með um það bil helmingi meiri hlutdeild en KFC.

Við kaupin var gefið hressilega í. Uppskriftum var breytt, pitsubotninn þynntur og við bættum okkur sérlega í markaðs- og stafrænum málum þar sem við erum mjög sterk í dag."

*Hvert er samkeppnisforskot Domino's?*

**Við erum með um 30 prósenta markaðshlutdeild í skyndibita og 65-70 prósent í pitsum en þá eru einungis miðað við tíu stærstu fyrirtækin.**

Nafn á viðmælenda og starfsheiti ekki punktur á eftir

„Fólk veit að það fær mikið fyrir peninginn hjá okkur. Mörg okkar tilboð ganga út á að hægt sé að fæða einstakling fyrir minna en þúsund krónur. Það skiptir sköpum. Það eru fáir samkeppnisaðilar sem leika það eftir.

Viðskiptavinir ganga að stöðugleika vísum, þeir vita að maturinn mun bragðast eins í gær og í dag.

Domino's höfðar til margra, því það er hægt að raða ólíkum áleggjum á sitt hvorn helming pitsunnar. Fullorðnir og börn geta því fundið eitthvað við sitt hæfi, sérstaklega eftir að við lögðum ríkari áherslu á gæðapitsur á matseðli.

Við erum með þéttriðið net af pitsustöðum og því er stutt að fara að sækja pitsurnar. Á Íslandi sækja 70 prósent Íslendinga pitsur en 30 prósent fá sent en þessu er öfugt farið víða annars staðar í heiminum."

*Hvað veldur því?*

„Það má rekja til tveggja þátta. Eins og ég sagði erum við með þéttriðið net af pitsustöðum og því er stutt að sækja pitsur. Okkar helstu tilboð miðast við að pitsur séu sóttar.

Fyrir 20 árum var farin önnur leið á Íslandi en tíðkaðist erlendis. Það var opnað á stöðum sem flokka má sem B+ eins og í Skeifunni og inni í hverfum. Þetta voru áberandi staðsetningar. Erlendis var einkum opnað á svokölluðum C-stöðum. Það helgast af því að pitsurnar eru í flestum tilvikum heimsendar og því var staðsetningin ekki lykilatriði í rekstrinum, það komu svo fáir að sækja pitsur.

Nú hafa höfuðstöðvar Domino's breytt um takt og lagt áherslu á að opna pitsustaði í hverju hverfi."

Birgir Örn nefnir annað atriði í rekstri Domino's sem tíðkast ekki annars staðar. Hér á landi sé rekið miðlægt símaver en erlendis sé yfirleitt hringt beint á pitsustaðinn sem baka mun pitsuna. Það helgist meðal annars af því að erlendis sé fjöldi sérleyfishafa en hér á landi eigi sama fyrirtækið alla staðina. „Við getum því sérhæft okkur í ríkari mæli en aðrir."

# SUPER 1

**MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT VERÐ - OPIÐ TIL 22:00 ALLA DAGA**




**OPIÐ**
1. MAÍ - 10-22

Birt með fyrirvara um prent- og innsláttarvillur. Gildir meðan birgðir endast. Myndin sýnir hluta af vöru úrvali Rema 1000.

## REMA 1000 ÞVOTTAEFNI
**SVANSMERKT OG ÁN OFNÆMISVALDA**

## SUPER1 ER HEIMILI REMA 1000

### EIN STÆRSTA MATVÖRUVERSLUNARKEÐJA NORÐURLANDA

REMA1000 framleiðir gæðavörur á góðu verði, í sátt og samlyndi við umhverfið. Lögð er áhersla á lífrænar vörur og að vörur standist staðla Skráargatsins, Svansmerkisins og séu án ofnæmisvalda.


REMA1000
OSTA TORTILLA
140 kr.
200g
REMA1000
CHILI TORTILLA
140 kr.
200g
REMA1000
SALT TORTILLA
140 kr.
200g
REMA1000
SALSA MEDIUM
197 kr.
315g
REMA1000
SALASA HOT
197 kr.
315g
REMA1000
GUACAMOLE
245 kr.
300g
REMA1000
OSTA DÝFA
225 kr.
300g
DANSKIR DAGAR ALLA DAGA
flöde boller - flæskesvær - kakao pulver - brændende kærlighed - frikadeller
LAKKRÍS
PILLUR
178 kr.
4x 25g
FJÖLSKYLDU
MIX
243 kr.
250g
HELGAR
MIX
272 kr.
250g
FROSKAR
140 kr.
5 STK
SALMIAK
FROSKAR
180 kr.
250g
BRJÓSTSYKUR
BLANDAÐ
180 kr.
250g
LAKKRÍS
KONFEKT
248 kr.
225g
REMA1000
SÚKKULAÐI
99 kr.
50g




REMA1000
SALT & SÆT
249 kr.
165g




REMA1000
TÓMATA RÚLLUR
147 kr.
125g




REMA1000
PURU SNAKK
210 kr.
50g




REMA1000
PISTASÍUHNETUR
479 kr.
200g




REMA1000
JALAPENO HNETUR
295 kr.
200g




REMA1000
SALT & STERKT
249 kr.
165g




REMA1000
ÖRBYLGJUPOPP
153 kr.
3 x 100g




REMA1000
KARTÖFLUSTRÁ
185 kr.
125g

# DANSKIR DAGAR ALLA DAGA

**flöde boller - flæskesvær - kakao pulver - brændende kærlighed - frikadeller**




REMA1000
BARBECUE FLÖGUR
245 kr.
250g




REMA1000
SALT FLÖGUR
239 kr.
250g




REMA1000
GRÆNMETIS FLÖGUR
307 kr.
100g




REMA1000
S.RJÓMI & LAUKUR
245 kr.
250g




REMA1000
POP CORN
129 kr.
250g




REMA1000
HNETU MIX
359 kr.
250g




REMA1000
MAÍS BAUNIR
307 kr.
100g




REMA1000
SALTHNETUR
234 kr.
250g

# SUPER1

MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT VERÐ - OPIÐ TIL 22:00 ALLA DAGA

## GLEÐILEGT GIRNILEGT GRILLSUMAR

Austin and Barbeque - Gæða grill með fjölda eiginleika

**6+1 BRENNARA**
GASGRILL
**59.999**





**4+1 BRENNARA**
GASGRILL
**45.999**

AUSTIN AND BARBEQUE

**3 BRENNARA**
GASGRILL
**31.999**





**FERÐA**
GASGRILL
**10.999**

GRILLIN FÁST Í VERSLUNUM SUPER1 Í FAXAFENI OG SMIÐJUVEGI. GRILLIN SELJAST ÓSAMSETT Í KASSA.



SUPER1
**HALLVEIGARSTÍG 1**



SUPER1
**FAXAFENI 14**



SUPER1
**SMIÐJUVEGI 2**

## OPIÐ 10:00 TIL 22:00 ALLA DAGA

**Grafreitur fyrir skyndibitastaði**

*Það hafa margir reynt að opna erlendar pitsukeðjur hér á landi en engu að síður eruð þið eina stóra keðjan. Hvað veldur?*

„Ísland er grafreitur fyrir skyndibitastaði. McDonald's gekk ekki upp, það er óþekkt í heiminum. Sömu sögu er að segja af Burger King. Þekktar pitsukeðjur á borð við Papa John's og Little Caesars, sem eru á meðal þeirra fjögurra stærstu í heiminum, hafa reynt fyrir sér án árangurs. Pizza Hut var umsvifamikill hérlendis en rekur nú einungis tvo veitingastaði. Íslenskar keðjur hafa einnig átt erfitt uppdráttar, eins og Pizza 67, Hrói Höttur og Rizzo Pizzeria og orðið gjaldþrota.

Ísland er erfiður markaður. Hann er smár og vindar geta breyst á augabragði í efnahagslífinu. Fyrirtækin þurfa að vera sveigjanleg en erlend stórfyrirtæki eru vanari stöðugleika og eiga því erfitt með að fóta sig í þessu umhverfi.

Það má sömuleiðis lítið út af bera til að reksturinn gangi illa og þegar sá bolti fer að rúlla niður brekkuna getur verið erfitt að stoppa hann.

Samkeppnin er mjög hörð – og Domino's er erfiður keppinautur. Þegar Domino's var opnað var talið að markaðurinn myndi bera í mesta lagi tvo eða þrjá pitsustaði. Það grunaði engan að hægt væri að reka hér 25 staði.

Á Íslandi eru seldar flestar pitsur innan Domino's miðað við höfðatölu í heiminum og nokkrar verslanir okkar skipa efstu sæti yfir þær sem hafa mestu veltu hjá Domino's í heiminum þrátt fyrir að hér séu flestar búðir á hvern landsmann.

Við erum stolt af því að í skoðanakönnunum er Domino's talin besta pitsan. Það er óvanalegt. Í flestum löndum hlotnast eldbökuðum pitsum sá heiður. Þetta gerir það mögulega að verkum að salan gengur vel."

*Stefnið þið á að opna fleiri pitsustaði?*

„Já, við stefnum á það. Talið er að Íslendingum muni fjölga um 22 þúsund á næstu fjórum árum á höfuðborgarsvæðinu og það kallar á eina til tvær búðir í viðbót. Okkar markmið er að opna 30 búðir. Það yrði frábær árangur."

**Kjarasamningar eru áskorun**

*Hvernig horfa nýir kjarasamningar við þér?*

„Fyrir fyrirtæki sem starfa á sama sviði og Domino's, framleiðslu- og veitingafyrirtæki, verða nýir kjarasamningar mikil áskorun. Margir félaga minna eru áhyggjufullir. Samningnum er ætlað að ná utan um fjölda ólíkra starfa hjá fjölda ólíkra fyrirtækja og niðurstaðan er málamiðlun. Það varð að semja og skapa frið á vinnumarkaði. Það var skýr vilji félagsmanna í Samtökum atvinnulífsins að kjósa með samningunum, 98 prósent kusu með þeim hætti.

Veitingastaðir, sem eru með fjölda starfsmanna á launaskrá, þurfa að horfast í augu við 25-30 prósent launahækkanir. Það er afar mikið. Meðalhækkunin fyrir öll fyrirtæki er 15,7 prósent.

Þeir atvinnuvegir sem þurfa að glíma við hvað mestar hækkanir eru framleiðsla, smásala, ferðaþjónusta og fiskvinnsla. Mörg fyrirtæki sem starfa á þeim sviðum, einkum þau minni, höfðu ekki mikið til skiptanna fyrir samninganna."

## Áskorunum fyrirtækja ekki sýndur skilningur

„Sanngirni er ekki gætt í umræðunni hvað varðar rekstur fyrirtækja á Íslandi," segir Birgir Örn, sem jafnframt situr í stjórn Samtaka iðnaðarins. „Starfsumhverfi fyrirtækja og þeim áskorunum sem við er að eiga er ekki sýndur nægur skilningur.

Fyrirtækjum sem skila góðum hagnaði er oft mætt með tortryggni og arðgreiðslur eru litnar hornauga. Það kann ekki góðri lukku að stýra. Skjóti þetta viðhorf rótum verður æ erfiðara fyrir þá sem eiga eða stýra fjármagni að réttlæta þátttöku í áhættuverkefnum. Það verður ekki fram hjá því litið að stundum tekst vel til í fjárfestingum og stundum skila þær umtalsverðu tapi. Það að sigið geti á ógæfuhliðina vill oft gleymast.

Hagnaður er mikilvægur til að fyrirtæki fái blómstrað og svo hægt sé að byggja þau upp en þau veita fólki atvinnu og skapa hagsæld þjóða. Því öflugri sem fyrirtækin eru því betri laun geta þau greitt og veitt fleirum atvinnu. Domino's, sem er burðugt fyrirtæki, greiðir til dæmis nokkuð hærri laun í búðunum en kauptaxti kveður á um í því skyni að halda starfsmönnum lengur í vinnu því vanir starfsmenn eru betri starfskraftar.

Fyrir mörg minni fyrirtæki getur það reynst þrautin þyngri að greiða starfsmönnum laun í hverjum mánuði, húsaleigu og standa straum af öðrum kostnaði. Það er ekki vegna þess að stjórnendur þeirra séu vanhæfir heldur er krefjandi að reka fyrirtæki – sérstaklega þau sem hafa ekki úr miklu fjármagni að moða.

Ég hef staðið í þessum sporum, sem betur fer ekki í rekstri Domino's, og oft hefur launagreiðslum vera bjargað fyrir horn samdægurs eða ég hef orðið að hringja í birgja og biðja um að fá að greiða reikning viku seinna. Þetta tók verulega á og þeir sem ekki hafa staðið í þessum sporum eiga erfitt með að setja sig í þau."

Birgir vekur athygli á að stundum er sagt að íslensk fyrirtæki séu almennt illa rekin í samanburði við fyrirtæki erlendis. „Glöggt er gestsaugað. Domino's á Íslandi hlaut verðlaun frá alþjóðlegum samtökum sérleyfishafa um framúrskarandi rekstur, Franchise Association Awards. Það er vísbending um að það sé ekki rétt að fyrirtæki hér á landi standi sig illa."

Borið hefur á góma í umræðunni að kennitöluflakk sé stundað í nokkrum mæli á Íslandi. „Það er orðum aukið að mínu mati í dag. Bankarnir eru kröfuharðir og lána einungis gegn því að lagt sé fram eigið fé í reksturinn og lánin eru oftast veitt með traustum veðum. Fari reksturinn í gjaldþrot er ekki hægt að stökkva frá borði, taka fjármuni úr fyrirtækinu og reyna aftur fyrir sér. Þannig gengur það sjaldnast fyrir sig.

Þeir sem lögðu eigið fé í reksturinn hafa tapað því og veðinu sem var lagt fram til tryggingar fyrir láni. Bankinn reynir að bæta upp tjón sitt með því að ganga að tryggingunum.

Það er því ekki stór hópur manna sem hagnast á kennitöluflakki í dag heldur eru mýmörg dæmi af þeim sem hafa tapað umtalsverðu fé á að reyna fyrir sér í fyrirtækjarekstri eða fjárfestingum," segir Birgir Örn.

**Ísland er grafreitur fyrir skyndibitastaði. McDonald's gekk ekki upp, það er óþekkt í heiminum. Sömu sögu er að segja af Burger King.**

Nafn á viðmælenda og starfsheiti ekki punktur á eftir

*Hvernig mun Domino's bregðast við hækkunum?*

„Það þarf að hagræða í rekstri. Við erum alltaf að reyna að gera betur. Á meðal þess sem verður skoðað er að breyta opnunartímum.

Sjálfvirknivæðing færist sífellt í aukana, 70 prósent pantana fara í gegnum app eða vefinn en var einungis þrjú prósent fyrir sjö árum og 30 prósent í gegnum símaverið. Þessi þróun mun halda áfram og skiptir sköpum fyrir reksturinn. Engu að síður er starfsmannafjöldinn í símaverinu álíka og áður. Það fer nefnilega svipað mikil velta í gegnum símaverið núna og þegar við keyptum fyrirtækið.

Við settum ökurita í bílana okkar í því skyni að draga úr hraðakstri og fara betur með bílana. Það hefur mikill árangur náðst á því sviði. Kerfið gerir það að verkum að við uppgötvuðum að bílarnir voru ekki nýttir nógu vel. Bílar stóðu ónotaðir á einum pitsustað á meðan annar leigði bíla af bílaleigu til að anna eftirspurn."

*Þarf Domino's að hækka vöruverð?*

„Við stefnum ekki á það. Það þarf að reyna að leysa úr stöðunni sem fylgir auknum kostnaði og það er ekki hægt að segja til um það strax með hvaða hætti við munum bregðast við. Launakostnaður fyrirtækisins mun hækka og við munum væntanlega fá ný vöruverð frá birgjum. Hver áhrifin verða á reksturinn á enn eftir að koma í ljós, kakan á enn eftir að bakast.

Lykilatriðið er að við munum halda okkar striki og bjóða fólki mikið fyrir peninginn."

*Óttastu að kjarasamningarnir muni draga verulega úr EBITDA-hagnaði Domino's?*

„Samningarnir munu klárlega hafa áhrif á EBITDA-hagnað félagsins. Það þarf að grípa til margra aðgerða til að bregðast við breyttum aðstæðum. Það gildir um öll fyrirtæki í okkar geira, fyrir sum verður þetta gríðarlega erfitt."

*En fyrir ykkur?*

„Þetta verður líka erfitt fyrir okkur."

*Hvernig horfa kjarasamningar við nýjum eigendum, Bretum, sem eru ekki vanir kjarasamningum af þessum toga?*

„Það hefur verið flókið að skýra þetta út fyrir þeim. Þeir eru ekki vanir kjarasamningum sem þessum. Þeir þekktu til kjarasamningsins sem gerður var á undan og þótti hann undarlegur. Ísland spilar eftir öðrum takti hvað varðar launahækkanir og vinnumarkaðinn."

**Bjó lengi í útlöndum**

*Hvað gerðir þú áður en þú settist í stól forstjóra Domino's?*

„Ég flutti til útlanda árið 1997 eftir að hafa lokið námi í hagfræði og hóf störf hjá Strax, sem selur íhluti fyrir farsíma alþjóðlega og var þriðji starfsmaður fyrirtækisins. Það var stórkostlegt að taka þátt í þessu ævintýri, fyrirtækinu óx fiskur um hrygg og veltir nú um 15 milljörðum króna," segir Birgir Örn.

Strax er skráð í Kauphöllina í Svíþjóð og er markaðsvirðið um þrír milljarðar króna. Það framleiðir meðal annars farsímavörur undir merkjum Adidas og Bugatti og á vörumerkið Urbanista sem framleiðir heyrnartól.

„Ég flutti til Miami til að koma starfseminni í Bandaríkjunum á laggirnar með Ingva Tý Tómassyni og bjó þar í nokkur ár, því næst tók ég við starfseminni í Evrópu og flutti til Bretlands til að sinna starfinu. Loks keypti Strax fyrirtæki í Þýskalandi og ég tók við rekstri þess um hríð.

Þetta var góður tími en á köflum afar erfiður. Við höfðum úr litlu fjármagni að moða og fyrstu tvö árin fengum við ekki hefðbundin laun heldur skiptum við peningunum þegar eitthvað var afgangs. Þetta var dýrmætur skóli.

Ég sneri aftur til Íslands, vildi ekki ílengjast erlendis, og tók við rekstri Cintamani árið 2010. Ég var orðinn býsna vanur harkinu og hafði ekki tekið þátt í góðærinu sem hafði verið á Íslandi í aðdraganda hrunsins. Marga skorti reynsluna til að takast á við eftirmál hrunsins en segja má að ég hafi verið í slíkri þjálfun í 13 ár, ég var því reiðubúinn til að takast á við erfið en skemmtileg verkefni.

Mér þykir afar skemmtilegt að byggja upp fyrirtæki. Ég kom að uppbyggingu Joe & the Juice á Íslandi, Domino's í Noregi og er hluthafi í Billboard/buzz sem er að breyta flettiskiltum sem margir kannast við í LED-skjái og er að setja LED-skjái í strætóskýli á höfuðborgarsvæðinu og selur auglýsingar þangað. Þetta mun bylta auglýsingamarkaði á Íslandi."

*Hvernig gekk að koma starfseminni í Noregi á fót?*

„Það er erfitt að opna nýja markaði. Domino's hafði ekki verið með starfsemi þar áður og því vorum við að byggja upp reksturinn frá grunni. Það tekur mörg ár að skilja neytendur á nýjum markaði og finna jafnvægið í rekstrinum.

Upphaflega hugmyndin var að endurtaka leikinn á Íslandi og byggja á sömu hugmyndafræði, sömu tilboðum og sambærilegum auglýsingum. Það gekk ekki eftir. Við urðum að hlaupa á einn vegg til fara fram hjá honum og skella síðan á næsta vegg. Það þarf að gefa þessu tíma, það er verið að leita leiða og finna út hvernig best er að haga rekstrinum í Noregi en þar hefur verið góður vöxtur milli ára.

Bretarnir keyptu meðal annars fyrirtækið því við vorum með sérleyfissamning um að reka Domino's í Noregi og Svíþjóð. Þar eru vaxtartækifæri."

*Kaupa Norðmenn mikið af pitsum?*

„Það eru stórar pitsukeðjur í Noregi en það kaupir nánast engin þjóð jafn mikið af pitsum og Íslendingar. Við erum sér á báti hvað það varðar."






**Helgi Svangur segir að útlit sé fyrir að markaðir með gervigreind muni velta 15 þúsund milljörðum dollara árið 2030. Heimshagkerfið veltir nú 80 þúsund milljörðum.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Góður tími til að nýta sér gervigreind

## Svipmynd

**Helgi Svanur Haraldsson**

**Nám:**
Master in Mathematics, University of Warwick, 2007
**Störf:**
Leiðir þjónustu Advania á sviði gervigreindar.
**Fjölskylduhagir:**
Giftur Lana JuneYue Lou. Saman eigum við hinn síbrosandi Stefán sem er 11 mánaða.

Helgi Svanur Haraldsson var nýlega ráðinn til Advania til að leiða þjónustu fyrirtækisins á sviði gervigreindar. Hann segir að leiðtogar í viðskiptalífinu þurfi að bera kennsl á þau tækifæri sem felast í framþróun gervigreindar.

*Hvað felst í nýja starfinu?*

Hlutverk mitt er að standa að uppbyggingu teymis sem fléttar saman hefðbundna gagnavinnslu og viðskiptagreind. Okkar sérstaða verður að miklu leyti í arkitektúr gagna, gervigreind, spjallbottum og sjálfvirknivæðingu. Markmið okkar er að aðstoða íslensk fyrirtæki við að grípa tækifærin sem felast í gervigreind. Samkvæmt McKinsey er útlit fyrir að markaðir með gervigreind muni velta um 15 þúsund milljörðum dollara árið 2030. Til samanburðar má nefna að núverandi heimshagkerfi veltir um 80 þúsund milljörðum dollara. Fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum munu þurfa tæknilega fær teymi með straumlínulagaða ferla til að ná raunverulegu forskoti. Við erum að rannsaka og setja saman slíkt teymi hjá Advania og höfum einmitt í því skyni nýlega ráðið fjóra mjög færa einstaklinga til viðbótar.

*Hvernig er Ísland statt þegar kemur að gervigreind?*

Á undanförnum tveimur árum hefur gervigreind orðið aðgengileg og gagnleg tækni fyrir aðra en stórfyrirtæki í Bandaríkjunum. Nú er því góður tími til að nýta sér tæknina sem hefur þroskast nægjanlega fyrir verkefni nútímans. Íslensk fyrirtæki geta sannarlega tileinkað sér tæknina og ég held að í ár verði stigin stór skref í þá átt.

**Nú er því góður tími til að nýta sér tæknina sem hefur þroskast nægjanlega fyrir verkefni nútímans. Íslensk fyrirtæki geta sannarlega tileinkað sér tæknina og í ár verða stigin stór skref í þá átt.**

*Hvernig er morgunrútínan þín?*

Ég vakna við að ljósin kvikna í íbúðinni. Fjölskyldan fær sér svo eitthvað gott að borða saman en Lana er mjög metnaðarfull í að undirbúa mat. Svo veltur það á veðri eða hvort ég þurfi að mæta í jakkafötum, hvort ég fer hjólandi í vinnuna.

*Hver eru þín helstu áhugamál?*

Ég hef mikinn áhuga á starfi mínu við gervigreind og þá sérstaklega vísindunum við ákvörðunartöku. Ég sé fyrir mér byltingar á þessu sviði. Við getum til dæmis verið mjög góð í litlum hópum og ágæt að vinna verk eftir hefðbundnum fyrirtækjastrúktúr en frekar léleg að taka stærri ákvarðanir. Ný tækni á þessu sviði felst í því að besta gagnsæi, traust, gæði og hraða ákvörðunum. Eitt jákvætt sem hefur komið út úr umræðum um Brexit og Trump er að hinn almenni borgari er orðinn meðvitaður um að það megi kannski bæta kosningakerfið. Það var ekki hægt aða tala um það fyrir 10 árum.

*Hvaða bók ertu að lesa eða last síðast?*

Homo Deus eftir Yuval Harari sem er frábær. Ég tengi við mikið af því sem hann segir. Svo er ég kominn hálfa leið með The Secret Barrister eftir Jack Hawkins sem fjallar um breska réttarkerfið. Bæði umfjöllunarefnið og tungumálið sem hann notar er mjög áhugavert.

*Geturðu nefnt dæmi um ábatann sem felst í gervigreindarvæðingu?*

Gervigreind og aukin sjálfvirknivæðing fela í sér tækifæri til þess að einfalda skölun fyrirtækja, auka gæði og lækka útgjöld við viðhald ferla og upplýsingakerfa. Samhliða því fæst aukið samkeppnisforskot fyrir fyrirtæki eftir því sem markaðir taka breytingum. Leiðtogar í viðskiptalífinu þurfa að bera kennsl á þessi tækifæri og gervigreindarteymið hjá Advania er reiðubúið til þess að aðstoða við það.

*Hvaða áskoranir fylgja gervigreindarvæðingu?*

Ekki vera of svifaseinn. Í grunninn er þetta lærdómsferli og á meðan á því stendur rekst maður á veggi og gerir tímafrek mistök. Það getur svo líka tekið tíma að fá alla innan fyrirtækisins til að vinna saman eftir nýju verklagi. Það er ósennilegt að þú komist langt á ráðgjöf frá einstaklingum sem hafa ekki réttu sérfræðikunnáttuna. Núorðið haldast tækni og viðskiptaáætlanir í hendur í síauknum mæli. Það er lykilatriði að æðstu stjórnendur hafi góða yfirsýn og geti samhæft vinnubrögð þar sem strategískar ákvarðanir eiga að hafa áhrif á arðsemi. Þessu þarf svo auðvitað líka að fylgja vilji til þess að yfirstíga þær hindranir sem kunna að standa í vegi fyrir því að hægt sé að umbreyta rekstrinum þannig að hann skili betri arði.

# Marvel slær öll met



**Björn Berg Gunnarsson**
fræðslustjóri Íslandsbanka

Eins og milljarðamæringurinn sérvitri Tony Stark sagði eitt sinn skiptir ekki máli hversu ríkur þú ert, þú getur ekki keypt þér tíma. Vinnuveitendur Starks hjá Disney vita þó að við erum mörg tilbúin að verja sparifénu okkar í að dvelja í nokkrar klukkustundir í hinum ýmsu heimum sem finna má í kvikmyndum og þáttum fjölmiðlaveldisins, til dæmis að verja þremur klukkustundum á nýju Avengers-myndinni.

Tekjur af miðasölu Avengers: Endgame námu um 1,2 milljörðum dollara um frumsýningarhelgina og er um að ræða langstærstu opnunarhelgi kvikmyndasögunnar. Hetjur og skúrka myndarinnar eignaðist Disney með fjögurra milljarða dollara kaupunum á Marvel- myndasöguútgefandanum áramótin 2009-2010 en einhvern tíma til viðbótar tók þó Disney að hefja framleiðslu kvikmynda þar sem áður hafði verið samið við samkeppnisaðila þeirra um umsjón með hinum ýmsu vörumerkjum og persónum.

Frá gerð fyrstu Avengers-kvikmyndarinnar árið 2012 hefur Disney nú sent frá sér 16 myndir sem byggja á persónum Marvel. Framleiðslukostnaður þeirra nemur um 3,3 milljörðum dollara en miðasala hefur skilað 16,7 milljörðum í tekjur. Það er snúið að áætla hagnað hverrar myndar fyrir sig, enda taka bíóhúsin sinn skerf af miðasölu og við framleiðslukostnað bætist til dæmis dreifingar- og markaðskostnaður. Við vitum þó að á liðnu ári nam hagnaður Disney af framleiðslu tíu kvikmynda þremur milljörðum dollara og gerðust þrjár þeirra í ævintýraheimi Marvel. Þegar litið er sérstaklega á miðasölutekjur og framleiðslukostnað þeirra mynda, í samanburði við aðrar Disney-myndir, má áætla að stór hluti hagnaðarins hafi verið vegna Avengers: Infinity War, Black Panther og Ant-Man 2.

**Undanfarin níu ár hefur það aðeins gerst tvisvar að tekjuhæsta kvikmynd ársins var ekki framleidd af Disney.**

Hjá Disney hafa forstjórinn Bob Iger og hans fólk áttað sig á verðmæti stórra ævintýramynda. Kaupin á Pixar fyrir 7,4 milljarða dollara árið 2006 og Star Wars á fjóra milljarða 2012 hafa reynst afar arðbær og það efast enginn í dag um að kaupin á Marvel borguðu sig.

Undanfarin níu ár hefur það aðeins gerst tvisvar að tekjuhæsta kvikmynd ársins var ekki framleidd af Disney. Með yfirtökunni á kvikmyndaverinu 20th Century Fox sem lauk nú nýverið aukast yfirburðirnir enn frekar og með streymisveitunni Disney +, sem fer í loftið með haustinu, freistar fyrirtækið þess að dreifa sínu eigin efni og halda enn stærri hluta virðiskeðjunnar en áður. Disney rétt smellir fingrum og samkeppnin fuðrar upp.

# Áhættan í þínu viðskiptasafni



**Kári Finnsson**
viðskiptastjóri
hjá Creditinfo

Vísbendingar eru um að útlánaáhætta íslenskra fyrirtækja sé að aukast og því skiptir töluverðu máli fyrir fyrirtæki að fylgjast með því hvernig áhættan í þeirra viðskiptasafni er að þróast. Fyrirtæki sem eru meðvituð um sína stöðu eru betur í stakk búin til að grípa til aðgerða þegar áhættan á töpuðum kröfum eykst. Til þess að geta lagt mat á stöðuna er nauðsynlegt að hafa áreiðanleg gögn innan handar.

Samkvæmt nýlegri greiningu Creditinfo á vanskilum fyrirtækja er nýskráningum á vanskilaskrá farið að fjölga eftir stöðuga fækkun síðustu ára. Rúm 3% íslenskra fyrirtækja komu ný inn á skrá á síðustu sex mánuðum en það er hærra hlutfall en hefur mælst á sambærilegu tímabili á síðustu tveimur árum.

Alls eru 12,3% allra einkahlutafélaga og hlutafélaga á Íslandi á vanskilaskrá samkvæmt nýjustu mælingum. Þegar vanskil eru greind þá er ekki nóg að skoða aðeins fjölda fyrirtækja á vanskilaskrá heldur þarf einnig að líta til nýskráninga. Lögaðilar geta verið mislengi á skrá og því gefa nýskráningar betri mynd af því hver þróunin er hverju sinni.

Sjá má aukningu á nýskráningum í nær öllum atvinnugreinum að undanskildum fyrirtækjum í fjármála- og vátryggingastarfsemi. Meðfylgjandi mynd sýnir að mesta aukningin á sér stað í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð og hjá fyrirtækjum í heild- og smásöluverslun. Þá komu 4,62% fyrirtækja í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð ný inn á vanskilaskrá á síðustu sex mánuðum og 3,62% fyrirtækja í heild- og smásöluverslun.

**Aukin umsvif – aukin áhætta**
Því stærra sem viðskiptasafn fyrirtækja er því erfiðara getur verið að halda utan um mögulega áhættu í því safni. Örar breytingar á viðskiptavinum gera þessa vinnu enn erfiðari og þess vegna er mikilvægt að fyrirtæki temji sér skilvirkar vinnureglur til að halda utan um viðskiptin. Eins skiptir miklu máli að fylgja eftir breytingum í viðskiptasafninu til að takmarka líkurnar á vanefndum viðskiptavina.

Þegar ákvarðanir um reikningsviðskipti eru teknar þurfa þær ákvarðanir að vera byggðar á gögnum frekar en huglægu mati hverju sinni. Sérfræðiþekking skiptir miklu máli við ákvarðanatöku en hún nýtist illa ef hún er ekki tekin á traustum grundvelli áreiðanlegra gagna. Einnig eru auknar kröfur gerðar til fyrirtækja um hraða og nákvæmni í viðskiptum. Það er ljóst að þessum kröfum verður ekki mætt einungis með mannshöndinni.

**Kostir við sjálfvirkar ákvarðanir**
Sérstaða Creditinfo er fólgin í öflun nauðsynlegra upplýsinga til að styðja við upplýsta ákvarðanatöku. Við höfum fundið fyrir því að fyrirtæki kalla í auknum mæli eftir sjálfvirkum lausnum til að vinna úr lánshæfisgögnum og til að taka ákvarðanir um lántöku og reikningsviðskipti.

Þess vegna höfum við unnið með fjölda fyrirtækja bæði hér á landi og erlendis við að útbúa viðskiptareglur – lausn sem vinnur samhliða með gögn fyrirtækja og gögn frá Creditinfo til að taka mikilvægar ákvarðanir á svipstundu.

Töluverður vinnu- og tímasparnaður er fólginn í því að gera endurteknar ákvarðanir um lántöku og reikningsviðskipti sjálfvirkar. Um leið og slíkir ferlar eru til staðar hjá fyrirtækjum verða ákvarðanir einnig nákvæmari vegna þess að þeir draga úr hættunni á mannlegum mistökum. Kostnaðurinn við slík mistök er oft hulinn og er fyrirferðarmeiri í rekstri fyrirtækja en marga myndi gruna.

Ef það er eitthvað sem tölvur geta leyst vel af hólmi þá eru það margar endurteknar ákvarðanir. Fyrirtæki nýta starfsfólk sitt mun betur ef þeim tekst að draga úr slíkum verkefnum og þau geta í auknum mæli fært starfsfólk til krefjandi verkefna sem kalla á inntaksrík mannleg samskipti og skapandi hugsun.

Þar sem útlánaáhætta íslenskra fyrirtækja er að aukast skiptir máli fyrir fyrirtæki að vera meðvituð um stöðu viðskiptavina sinna með tilliti til lánshæfis. Fyrirtæki sem vakta áhættuna í sínu viðskiptasafni hafa verðmæta yfirsýn yfir reksturinn sem veitir þeim skýrt samkeppnisforskot. Fyrirtæki sem hafa sjálfvirka og vel skilgreinda ferla utan um viðskipti sín ganga skrefinu lengra og skapa grundvöll til að stunda stöðugan og traustan rekstur til framtíðar.

**Nýskráningar fyrirtækja á vanskilaskrá 2016 til 2018**






Nýskráningum á vanskilaskrá fjölgar mest í byggingarstarfsemi.




**Stefnir – Lausafjársjóður**

Sjóðurinn er fjárfestingarsjóður sem fjárfestir aðallega í innlánum fjármálafyrirtækja. Í krafti stærðar sinnar nýtur hann betri kjara á innlánum en bjóðast almennt. Stefnir – Lausafjársjóður er áhugaverður kostur fyrir skammtímasparnað og er laus með eins virks dags fyrirvara.

**Fyrir hverja?**

- Þá sem vilja spara í stuttan tíma
- Þá sem vilja möguleika á hærri ávöxtun
- Þá sem vilja leysa út sparnað sinn með stuttum fyrirvara
- Hentar bæði fyrirtækjum og einstaklingum

**Árleg nafnávöxtun**




Í netbankanum er hægt að eiga viðskipti með sjóði hvenær sem þér hentar. Þar er jafnframt að finna stöðu og hreyfingar á safninu þínu sem auðveldar þér eftirlit. Einnig er hægt að hafa samband í síma **444 7000.**

**Fjárfestingum í fjármálagerningum fylgir ávallt fjárhagsleg áhætta,** svo sem hætta á að ekki verði um neina ávöxtun að ræða eða að höfuðstóll tapist. Árangur í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um árangur í framtíð. Í útboðslýsingu og lykilupplýsingum hvers sjóðs er að finna nánari upplýsingar um sjóðinn, m.a. um áhættu og hvort umræddur sjóður telst verðbréfasjóður eða fjárfestingarsjóður, en upplýsingarnar má nálgast á www.arionbanki.is/sjodir. Fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir, sem geta leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóðum. Fjárfesting í fjárfestingarsjóði telst því almennt vera áhættumeiri en fjárfesting í verðbréfasjóði. Ávöxtunartölur eru fengnar hjá vörsluaðila sjóðsins. Auglýsingin er aðeins í upplýsingaskyni og skal ekki litið á hana sem ráðgjöf um að ráðast í eða ráðast ekki í tiltekna fjárfestingu eða tilboð um að kaupa, selja eða skrá sig fyrir tilteknum fjármálagerningum. Arion banki er helsti söluaðili sjóða Stefnis hf. sem er sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki skv. lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Stefnir hf. rekur verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði skv. lögum nr. 128/2011. Stefnir hf. er dótturfélag Arion banka.

arionbanki.is

## Skotsilfur

### Engin páskaegg í Arion



Hefð hefur verið fyrir því innan Arion banka, rétt eins og flestum fyrirtækjum landsins, að starfsmenn fái páskaegg að gjöf frá bankanum til að hafa meðferðis í páskafríið. Þeirri hefð var hins vegar slitið í ár en **Höskuldur Ólafsson**, sem hætti á dögunum sem bankastjóri Arion banka, lét það verða eitt af sínum síðustu verkum að ákveða að engin páskaegg yrðu gefin í þetta sinn, við afar litlar vinsældir starfsmanna bankans.

### Sjóðirnir lúffuðu



Ný stjórn Eimskips var kjörin á framhaldsaðalfundi flutningarisans í síðustu viku eftir að þrátefli hafði myndast á milli lífeyrissjóðanna og stærsta hluthafans, Samherja, á fyrri aðalfundi í lok mars. Deilan leystist eftir að sjóðirnir gáfu eftir og **Vilhjálmur Vilhjálmsson**, sem naut stuðnings þeirra og hlaut næst flest atkvæði á fyrri fundinum, dró framboð sitt til baka. Í fimm manna stjórn njóta nú þrír stuðningsmenn Samherja. Áhugavert verður að fylgjast með framhaldinu í fleiri skráðum félögum. Munu lífeyrissjóðirnir halda áfram að leyfa einkafjárfestum í meiri mæli að leiða félögin?

### Beðið eftir hæfisnefndinni



Meira en mánuður er liðinn frá því tilkynnt var um þá sextán umsækjendur sem sækjast eftir embætti seðlabankastjóra. Það hefur því vakið athygli að ekki sé búið að ganga frá skipan þriggja manna hæfisnefndar sem mun fara yfir umsóknirnar og meta hæfni þeirra sem sóttu um. Sagt er að búið sé að leita til Þórunnar Guðmundsdóttur, lögmanns og varaformanns bankaráðs Seðlabankans, og Eyjólfs Guðmundssonar, rektors Háskólans á Akureyri, um að taka sæti í nefndinni. Beðið er hins vegar eftir því að **Katrín Jakobsdóttir** forsætisráðherra skipi þann þriðja en hann verður jafnframt formaður hæfisnefndarinnar.

## Hart sótt að stjórnendum Boeing




Stjórnarmenn og helstu stjórnendur Boeing sættu harðri gagnrýni á aðalfundi flugvélaframleiðandans sem haldinn var í Chicago fyrr í vikunni en hluthafar kröfðust á fundinum skýringa á því hvernig félagið hygðist bregðast við kyrrsetningu Boeing 737 MAX véla þess. Einkar hart var sótt að Dennis Mullenburg, forstjóra og stjórnarformanni Boeing, og samþykktu 34 prósent hluthafa tillögu um að hann léti af stjórnarformennsku. NORDICPHOTOS/GETTY

# Nýtt skeið er runnið upp



**Sigurður Hannesson**
framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

Áratugur endurreisnar efnahagslífsins er að baki og skiluðu skýr sýn og markvissar aðgerðir sterkri stöðu til að takast á við áskoranir fram undan. Tvennt stendur upp úr við endurreisn efnahagslífsins eftir fall bankanna 2008. Annars vegar er það endurskipulagning skulda þar sem heildstæð áætlun um losun fjármagnshafta vó þyngst. Hins vegar er það kröftugt viðbragð atvinnulífsins þar sem ferðaþjónusta blómstraði og varð að undirstöðugrein í útflutningi ásamt iðnaði og sjávarútvegi. Niðurstaðan af þessari markvissu uppbyggingu er sú að hagkerfið er gjörbreytt og stendur miklu sterkar nú en áður. Í sama anda á að efla samkeppnishæfnina þannig að öflugt atvinnulíf geti tryggt verðmætasköpun með tilheyrandi lífsgæðum fyrir landsmenn alla. Það þarf að gera – og verður gert – með mótun atvinnustefnu sem tengir saman stefnumótun í ólíkum málaflokkum.

**Sterk efnahagsleg staða**

Endurskipulagning skulda var þríþætt og olli algerum viðsnúningi. Með losun fjármagnshafta fékk ríkissjóður „hvalreka“ sem nam um 20% af vergri landsframleiðslu auk þess sem erlendar eignir þjóðarbúsins eru nú meiri en erlendar skuldir, í fyrsta sinn í sögu lýðveldisins. Þessi staða, til viðbótar við öflugan gjaldeyrisforða, er mikilvæg festa fyrir hagkerfið. Í öðru lagi voru skuldir heimila endurskipulagðar og munaði þar mest um Leiðréttinguna. Skuldir heimilanna eru nú um 76% af vergri landsframleiðslu og hafa ekki verið lægri á þessari öld en námu 122% þegar mest var árið 2009. Í þriðja lagi voru skuldir fyrirtækja endurskipulagðar í gegnum bankakerfið og eru nú um 40% af því sem var þegar mest lét.

**Stöðugleiki**

Lífskjarasamningurinn er samsett lausn sem miðar að hærri launum, auknum sveigjanleika og lægri sköttum. Með hliðsjón af sterkari efnahagslegri stöðu eins og að

> **Lífskjarasamningurinn er samsett lausn sem miðar að hærri launum, auknum sveigjanleika og lægri sköttum.**

framan greinir, kólnun hagkerfisins og fyrirhuguðum umbótum á húsnæðismarkaði skapast skilyrði til lækkunar vaxta líkt og seðlabankastjóri nefndi í grein sinni í Morgunblaðinu í gær. Þannig skapast skilyrði fyrir stöðugleika á næstu árum.

Lífskjarasamningurinn og yfirlýsing ríkisstjórnarinnar samhliða gerð hans marka kaflaskil enda eru þeir viðbragð við breyttum aðstæðum. Hagkerfið er að kólna eftir gjöfult hagvaxtarskeið þar sem kaupmáttur hefur vaxið mikið og viðskiptakjör hafa farið versnandi. Erlend samkeppni í skjóli lægri launa, lægri vaxta og lægri skatta knýr á um hagræðingu fyrir íslenskan iðnað. Nauðsynlegt er að bregðast við svo Ísland dragist ekki aftur úr öðrum ríkjum og það verður aðeins gert með aukinni samkeppnishæfni.

**Eflum samkeppnishæfni**

Samkeppnishæfni er heimsmeistaramót þjóða í lífsgæðum enda er aukin samkeppnishæfni ávísun á aukin verðmæti. Fjórar mikilvægustu stoðir samkeppnishæfni eru menntun og mannauður, efnislegir innviðir, nýsköpun og starfsumhverfi fyrirtækja. Umbætur á þessum fjórum sviðum gagnast því öllum fyrirtækjum enda lyftast öll skip á flóði.

**Atvinnustefna varðar veginn**

Atvinnustefna er samhæfing aðgerða til þess að skapa aukin verðmæti, auka framleiðni og efla samkeppnishæfni. Um þessar mundir vinna stjórnvöld að mótun stefnu í ýmsum lykilmálaflokkum. Það er vel en við munum ekki ná árangri nema hugsa stórt og á heildstæðan hátt, líkt og við endurreisn efnahagslífsins undanfarinn áratug, þannig að stefnumótun í ólíkum málaflokkum vinni að sameiginlegu markmiði. Tengja þarf saman stefnumótun á sviði menntamála, nýsköpunar, innviðauppbyggingar og bætts starfsumhverfis fyrirtækja með það að markmiði að auka verðmætasköpun á Íslandi. Einnig þarf að horfa til orku- og loftslagsmála. Með því að læra af reynslu síðasta áratugar og hugsa heildstætt getum við bætt stöðu Íslands svo um munar. Þetta er ekki val heldur nauðsyn.

# Ljón á vegi blómlegrar verslunar

SKOÐUN



Kristinn Ingi Jónsson

Athygli vakti í liðnum mánuði þegar breska verslanakeðjan Debenhams, sem var stofnuð fyrir ríflega 240 árum, fór í greiðslustöðvun og var í kjölfarið tekin yfir af kröfuhöfum sem hyggjast draga verulega úr umsvifum keðjunnar. Á sama tíma greindi ráðgjafarfyrirtækið Coresight frá því að bandarískir smásalar hefðu í hyggju að loka allt að sex þúsundum verslunum í ár sem yrðu þá 2,2 prósent fleiri verslanir en í fyrra.

Allt ber að sama brunni. Á sama tíma og netverslun stóreykst berjast rótgrónar verslanakeðjur í bökkum. Gjörbreytt samkeppnisumhverfi – með aukinni netverslun, minna trausti neytenda og breyttri hegðun nýrrar aldamótakynslóðar – hefur leitt til þess að hefðbundnar verslanir hafa þurft að leita leiða til þess að hagræða í rekstri, draga saman seglin og laga sig að breyttum veruleika. Að öðrum kosti blasir gjaldþrot við, eins og eigendur Claire's, Sears og Toys R Us, svo dæmi séu nefnd, hafa fengið að kenna á. Ris Amazon, eins verðmætasta fyrirtækis heims, er hin hliðin á sama peningi.

Íslenskar verslanir hafa vitaskuld ekki farið varhluta af þessari þróun. Stærsta smásölufyrirtæki landsins, sem rak á sínum tíma Topshop, Debenhams, All Saints, Day, Coast og Dorothy Perkins, hefur til að mynda dregið verulega úr fataverslun á umliðnum árum. Verslun víða í miðborginni á jafnframt undir högg að sækja og standa mörg verslunarrými þar á besta stað nú auð.

Þessi hraða þróun – sú breyting sem er að verða á verslunarmynstri fólks – er ein helsta áskorunin sem íslenskir verslunareigendur standa frammi fyrir um þessar mundir, fremur en göngugötur og skortur á bílastæðum, eins og stundum mætti halda af umræðunni.

Fyrir utan þá staðreynd að nær hvergi í evrópskum miðborgum er eins mikið af niðurgreiddum bílastæðum og miðsvæðis í Reykjavík hefur umferð um miðborgina stóraukist frá því sem áður var. Reykvísk borgaryfirvöld mættu í því sambandi líta til miðborga í evrópskum stórborgum, til dæmis Kaupmannahöfn og Ósló, þar sem markvisst er verið að þrengja að einkabílnum og auka þess í stað rými fyrir gangandi.

Um leið mættu reykvískir stjórnmálamenn taka skattastefnu borgarinnar til gagngerrar endurskoðunar en þau himinháu fasteignagjöld sem hún leggur á verslunarhúsnæði í miðborginni eru vafalaust einn helsti þröskuldurinn í vegi þess að verslun þar blómgist og dafni. Engum dylst að miðað við arðsemi fasteignafélaganna eiga þau ekki annarra kosta völ en að velta tugprósenta hækkunum á fasteignagjöldum út í leiguverð – verslunarfyrirtækjum til tjóns.

AFMÆLISAFSLÁTTUR ALLAN APRÍL

30% AF ÖLLUM VÖRUM ... OG MEIRA AF SUMUM

Við framlengjum afmælisgleðinni til 11. maí

30%

Hirzlan
SKRIFSTOFUHÚSGÖGN
Síðumúla 37 Sími: 564-5040 www.hirzlan.is

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 1. maí 2019

FRÉTTABLAÐIÐ.IS
frettabladid.is

Instagram fréttablaðsins
@frettabladid


## Stjórnarmaðurinn

## Brexit-Trump pakkinn

**Kannanir í Bretlandi** benda til þess að mikill meirihluti kjósenda telji að mistök hafi verið að halda þjóðaratkvæðagreiðsluna um útgöngu úr Evrópusambandinu sumarið 2016. Skyldi engan undra enda hefur Brexit enn einu sinni verið frestað, nú síðast til haustsins. Hvað þá verður veit enginn enda virðist sem þinginu sé ómögulegt að ná saman um næstu skref í málinu. Ef spurningin er einfölduð enn frekar og spurt hvort Bretland eigi að vera inni eða úti er niðurstaðan enn meira afgerandi. Tæplega 60% vilja að Bretar verði áfram í Evrópusambandinu.

**Því er** varla ofsagt að mikill meirihluti Breta telji að mistök hafi verið gerð sumarið 2016. Kappið hafi borið skynsemina ofurliði. Það er nefnilega þannig að atkvæðagreiðslan um Brexit var hluti af öðru og stærra fyrirbæri. Uppreisn kjósenda gegn hinni hefðbundnu vestrænu pólitík. Kjör Donalds Trump til forseta Bandaríkjanna er ef til vill ýktasta dæmið, en hér á landi mætti kannski telja til sigur Jóns Gnarr og Besta flokksins í borgarstjórnarkosningunum um árið. Hægfara eftirgjöf Fjórflokksins er svo kannski annað.

**Ef Jón Gnarr** og krankleiki fjórflokksins er íslenska útgáfan af Brexit getum við sennilega prísað okkur sæl. Við sluppum vel, og fengum meira að segja ágætan borgarstjóra í kaupbæti. Raunar má segja að kjör Trumps sé heldur ekki jafn afdrifarík aðgerð. Hann mun að minnsta kosti ekki sitja á valdastóli til eilífðarnóns. Raunar bara í rúma átján mánuði til viðbótar ef allt fer að óskum. Brexit er hins vegar varanlegt. Ólíklegt er að Bretland geti aftur gengið til Evrópusambandsins nema í verulega breyttri mynd. Lygarnar og tækifærismennskan sem tryggði Brexit-liðum sigur í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2016 hafa valdið varanlegu tjóni. Fúkyrðaflaumur Trumps þagnar hins vegar að lokum.

**Nú virðist** sem einhvers konar Brexit-Trumpísk hreyfing sé að myndast á Íslandi gegn hinum svokallaða Þriðja orkupakka. Það þrátt fyrir að allir helstu sérfræðingar telji hann vita meinlausan, en Skúli Magnússon sagði á eftirminnilegan hátt að það væru „lögfræðilegir loftfimleikar“ að halda því fram að í pakkanum fylgdi framsal á fullveldi í orkumálum. Auðvitað er það svo að Þriðji orkupakkinn er ekki annað en strámaður, og sem slíkur skilgetið afkvæmi Trumps og Brexit. Vítin eru þar til að varast.


UMHVERFIÐ
ÁSTRÍÐA
HREINT
ÞJÓNUSTA
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is


## Hagnaður Íslandshótela jókst um milljarð

Hagnaður af rekstri Íslandshótela, einnar stærstu hótelkeðju landsins, meira en þrefaldaðist í fyrra og var samtals 1.430 milljónir króna borið saman við rúmlega 400 milljónir 2017. Stjórn Íslandshótela, sem er að stærstum hluta í eigu Ólafs D. Torfasonar, stjórnarformanns félagsins, leggur til að greiddur verði arður til hluthafa að fjárhæð 300 milljónir króna.

Tekjur Íslandshótela jukust um rúmlega 700 milljónir á síðasta ári og námu samtals 12,1 milljarði króna. Íslandshótel reka sautján hótel um allt land, þar af sex í Reykjavík. Endurmat á fasteignum og lóðum dróst verulega saman milli ára og nam 420 milljónum borið saman við 2,8 milljarða árið áður.

Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBTIDA) nam tæplega 3,4 milljörðum og jókst um rúmlega 400 milljónir. Eignir Íslandshótela voru bókfærðar á nærri 40 milljarða í árslok 2018 og eigið fé var 16,8 milljarðar. **– hae**



**Davíð Torfi Ólafsson framkvæmdastjóri.**

**28.04.2019**

**Það er alveg sama hversu oft hetjur lyklaborðsins halda einhverju fram. Það verður ekkert satt fyrir vikið. Það er þetta sem mér finnst við þurfa að svara.**



Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra




Verðmæti

*Hámarkaðu árangurinn þinn og verðmæti með því að nýta þér fjölbreytta þekkingu og víðtæka reynslu PwC á öllum sviðum rekstrar*

Hafðu samband því þinn árangur er mikils virði.

pwc

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavini sína við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur | Vestmannaeyjar

## Bíla & FerðavagnaMarkaður

Óska eftir húsbílum, hjólhýsum og öllum tegundum ferðavagna á söluskrá og á staðinn.

**Ferðavagnamarkaður Breiðhöfða í húsnæði Bílalinda, Sími: 659 2452 Sérhæfum okkur í ferðavögnum. www.ferdavagnamarkadur.is**



SUZUKI



Suzuki mótorhjól. Komdu og kiktu við í sýningarsal Suzuki. Ýmislegt spennandi til, sjón er sögu ríkari.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is**


## Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-350þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

# Þjónusta

## Pípulagnir

**PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA**
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
**Uppýsingar í síma 868-2055**

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

Tek að mér trjáklippingar og garðvinnu. Uppl. í s. 616 1569.

Felli tré og grysja og klippi runna. Ódýr þjónusta. Halldór garðyrkjum. s:698 1215

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Múrarar

Múrari getur bætt við sig húsaviðgerðum og múrverki í sumar. S. 862 0092

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# Keypt & Selt

## Til sölu

HUMARSALAN

Humar, Ferskur Lax, Risarækjur og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# Heimilið

## Barnavörur



**SYSTKINA VAGN/KERRA**
Verð frá 165.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. s. 5538313 barnidokkar.is

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLURTILLEIGU.IS**
**SÍMI: 414-3000**
Gerðu verðsamanburð !

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www. geymslur.is


HUMBAUR

**Kerrurnar frábæru frá Humbaur eru til á lager!**

**Öllum 750kg kerrum fylgir nefhjól, lás og strappar.**



**Startrailer 1280**
750 kg. Mál: 205x109.5x30 cm.
Verð: 120.888 kr. án vsk.



**Gerð 1376**
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 205x131x35 cm.
Verð: 169.355 kr. án vsk.



**Gerð 1374**
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 201.612 kr. án vsk.



**Gerð 1384**
Sturtanleg.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 229.839 kr. án vsk.



**Gerð 1339**
Opnanleg að framan.
1300 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 350.807 kr. án vsk., en með skráningu.



**Gerð 2331**
Opnanleg að framan.
2500 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 431.452 kr. án vsk., en með skráningu.

Topplausnir

Smiðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi.
Veitum upplýsingar í síma: 517 7718.
Heimasíða: www.topplausnir.is





**VANTAR ÞIG STARFSFÓLK?**

**Traust og fagleg starfsmannaveita** sem þjónað hefur íslenskum fyrirtækjum í áraraðir

**Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins**

HANDAFL STARFSMANNAVEITA

Suðurlandsbraut 6, Rvk | S. 419 9000 — info@handafl.is | handafl.is


## Aðalfundur Búseta hsf.

Aðalfundur Búseta hsf. verður haldinn fimmtudaginn 16. maí nk. á Grand Hótel, Sigtúni 38, kl. 17:00.

Dagskrá fundarins:

1. Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins
2. Önnur mál

Stjórnin

BÚSETI


TIL SÖLU

**DODGE Ram 2500 diesel m/húsi. 1/ 2007,** ek.aðeins 29 þús.Diesel, sjálfskiptur,m/Travel Lite húsi árg 2015 m/ gas og rafm. sjónvarpi sólarsella,sturtuklefi,laust ferðasalerni og m/ fleira. **Allt eins og nýtt.Verð 6.490.000.** Rnr.280256.

BÍLAHÖLLIN H/F BÍLASALA BÍLDSHÖFÐA 5




**BÍLAHÖLLIN** Bíldshöfði 5, Sími 567 4949 www.bilahollin.is

# Atvinna

## Atvinna í boði

**- TRAILER BÍLSTJÓRA ÓSKAST -**

Silfri ehf óskar eftir vönum trailer bílstjóra

Uppl. gefur Gunnar í s. 894 9690

Vanur háseti óskast á Þrist Ba 36. Sæbjúgnaveiði. Uppl. í síma 8410863 Jón

Yfirstýrimaður óskast á Friðrik Sigurðsson ÁR 17. Afleysing í maí, mest brúar vinna. Sæbjúgnaveiði. Uppl. í síma 8996405 Lárus.

# Tilkynningar

## Fundir

**FÉLAG HESTHÚSEIGENDA Í VÍÐIDAL**

Aðalfundur félagsins verður haldinn í C-tröð 4 reiðhöllinni hjá Sigurbirni miðvikudaginn 15. maí n.k kl 19.00. Dagskrá: venjuleg aðalfundarstörf.

**Stjórnin**

---

**EIGNAMIÐLUN**

GRENSÁSVEGUR 11 SÍMI 588 9090

## SKILDINGANES 40, 101 REYKJAVÍK







306.6 fm glæsilegt einbýlishús á sjávarlóð með einstöku útsýni. Um er að ræða arkitektahannað frábærlega vel staðsett hús. Sérhannaðar innréttingar. Parket og flísar. Innbyggð vönduð lýsing. Húsið var teiknað og hannað af Davíð Kristjáni Pitt, Svölu Lárusdóttir og Kristjáni Garðarssyni.

**Nánari upplýsingar veita: Sverrir Kristinsson lg.fs. s. 861 8514, sverrir@eignamidlun, Kjartan Hallgeirsson, lg.fs. s. 824 9093, kjartan@eignamidlun.is,**

---

# ÚTBOÐ

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- **Foldaskóli, endurnýjun á þaki á turni,** útboð nr. 14537.

Nánari upplýsingar er að finna á ***www.reykjavik.is/utbod***

Reykjavíkurborg
Innkaupadeild
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

---

## Herbergi fyrir starfsmenn til leigu



Til leigu húsnæði í Reykjanesbæ með 27 herbergjum og mjög góðri sameiginlegri aðstöðu tilvalið fyrir starfsmenn fyrirtækja, húsnæðið er laust nú þegar einnig til minni herbergjaeiningar.
Einnig til leigu nokkurt magn herbergja í sveitarsælu á Kjalarnesi og einbýlishús með 7 herbergjum á sama stað.

**Uppl í s. 821-6693.**

---

## Atvinnuhúsnæði til leigu í Reykjanesbæ og Hafnarfirði



Til leigu atvinnuhúsnæði í Reykjanesbæ af ýmsum stærðum frá 180 - 1.000 fm. Háar innkeyrsluhurðar og mikil lofthæð. Einnig er til leigu Atvinnuhúsnæði í Hafnarfirði 100 - 300 fm. með innkeyrsludyrum og ca 100 fm. skrifstofuhúsnæði.
**Uppl í s. 821-6693**

---




Húsið hannað af Arkitektaþjónustunni sf
Tveggja hæða enda parhús með tvöföldum bílskúr
- Möguleiki á 5 svefnherbergjum
Stórar svalir út úr hjónaherbergi
Einstakur garðskáli
Viðhaldslítlil garður með tjörn og hrauni



Nánari upplýsingar veitir:
**Jórunn Skúladóttir,** lögg. fasteignasali
jorunn@miklaborg.is **sími:** 845 8958

Verð : **84,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

---




Er með í svo kallaði „skúffusölu“ glæsilegt einbýlishús er 254,7 fm að stærð
Húsið byggt árið 1996, vandað var til efnisvals og vinnu.



Nánari upplýsingar um eignina veitir
**Jórunn Skúladóttir,** lögg. fasteignasali
jorunn@miklaborg.is **sími:** 845 8958

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

---






Vegalengd frá Reykjavík er 96 km og malbik alla leið. Ekið er beina leið á þjóðvegi eitt (90 km) og síðan er beygt til vinstri Keldnaveg númer 264, (sem er til móts við Hótel Rangá) þaðan er 6 km spotti að Litla Hofi.

Stutt er í alla þjónustu á Hellu eða Hvolsvelli. Matvöruverslanir, sundlaugar, læknisþjónusta, vínbúð, byggingavöruverslanir og veitingastaðir.
Hella er 14 km frá og Hvolsvöllur er 11 km frá Litla Hofi.

Golfvöllur er á Strönd, 8 km frá Litla Hofi.

Helstu náttúruperlur sem eru nálægar eru til að mynda Fjallabak, Hekla, Tindfjallajökull, Þórsmörk o.fl.

Íbúðarlóðirnar eru eignarlönd en hægt er að sækja um lögbýli.

Lóðirnar eru stórar og þar af leiðandi er byggingarmagn mikið. Byggja má allt að 350 fm einbýli, 100 fm gestahús, 120 fm bílskúr/vinnuskúr og 30 fm garðhús/áhaldahús á hverri lóð.

Seljandi skilar vegi, köldu vatni, og ljósleiðaralögnum að lóðamörkum.

Fjölbreyttar stærðir lóða allt frá 1,4 ha upp í 3,2 hektara.

**569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar



Nánari upplýsingar veita:
**Jón Rafn Valdimarsson,** lögg. fasteignasali
jon@miklaborg.is **sími:** 695 5520



**Atli S. Sigvarðsson** lögg. fasteignasali
atli@miklaborg.is **sími:** 899 1178

- með þér alla leið -

---

**EIGNAMIÐLUN**

GRENSÁSVEGUR 11 SÍMI 588 9090

